Helgi Björns elskar streymi

Lífið ➤ 22

Túrbó-Tinna heldur reif

Lífið ➤ 24



FRÉTTABLAÐIÐ

151. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR frettabladid.is MIÐVIKUDAGUR 27. JÚLÍ 2022

Það stefnir í vætusama verslunarmannahelgi, en rigningu er spáð um allt land um komandi helgi. Hitastigið verður almennt í kringum tíu stig, en hlýjast verður yfir landinu á sunnudaginn. Landsmenn á faraldsfæti ættu því að búa sig undir rigninguna og pakka niður regnfatnaði, eða hreinlega halda sig heima. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Dýrara að leggja bíl en einkaflugvél

Fimm daga stæði fyrir einkaflugvél á Reykjavíkurflugvelli kostar minna en stæði fyrir bíl í bílakjallara í miðbænum. Þetta sýna útreikningar sem Isavia hefur staðfest.

ragnarjon@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Í ljósi þess fjölda einkaþota sem lenda á Reykjavíkurflugvelli nú í sumar tók Fréttablaðið til skoðunar þann kostnað sem hlýst af því að lenda einkaþotu á flugvellinum. Í útreikningum var notuð gjaldskrá Isavia sem gildir um flugvelli utan Keflavíkurflugvallar.

Sé Cessna Citation M2 vél tekin sem dæmi, einkaflugvél í minni kantinum, með farrými fyrir sjö farþega, kostar 35.485 krónur að leggja slíkri vél á Reykjavíkurflugvelli í fimm sólarhringa.

Miðað er þá við að flugvélin sé í hámarksþyngd þegar hún lendir og því um hámarksgjald fyrir slíka vél að ræða. Sé um stærri flugvél að ræða er kostnaðurinn hærri. Ef færri farþegar, minna eldsneyti eða minni farangur er í vélinni myndi það lækka kostnað við lendinguna og geymslu þar sem gjaldskrá Isavia reiknast aðallega út frá þyngd flugvélar og fjölda farþega.

Justin Bieber hefur eflaust verið ánægður með góð kjör í Reykjavík.

Til samanburðar má nefna að ef bifreið er lagt í bílakjallaranum undir Hafnartorgi í miðborg Reykjavíkur er gjaldið 440 krónur fyrir hvern klukkutíma milli klukkan 8.00 og 20.00 en 210 krónur frá 20.00 til 8.00.

Ef miðað er við að bíllinn standi í bílakjallaranum í fimm sólarhringa kostar það 39.000 krónur.

Fréttablaðið bar útreikninga sína undir Isavia sem staðfesti að þeir væru réttir.

Fleiri dæmi og nánari útlistun á gjaldi fyrir einkaþotur á Reykjavíkurflugvelli má sjá á vef Fréttablaðsins, frettabladid.is. ■

Engar íbúðir fyrir tekjulága í boði

HÚSNÆÐISMÁL Engin þeirra íbúða sem eru til sölu á höfuðborgarsvæðinu um þessar mundir fellur undir skilyrði hlutdeildarlána. Formaður Samtaka leigjenda segir úrræðið ekki virka og að stjórnvöldum hafi mistekist að hjálpa tekjulágu fólki að eignast húsnæði.

„Hreyfing á fjölskyldufólki út af leigumarkaði er um eitt prósent. Þetta nær ekki til þeirra. Það eru meiri líkur á að læknast af illvígum sjúkdómi en að komast út af leigumarkaði. Staðan hefur ekkert breyst með tilkomu þessa úrræðis," segir Guðmundur Arngrímsson. SJÁ SÍÐU 11

England hafði betur gegn Svíþjóð.

Ensku stelpurnar spila til úrslita

adalheidur@frettabladid.is

FÓTBOLTI Englendingar tryggðu sér sæti í úrslitum á Evrópumeistaramóti kvenna í knattspyrnu eftir að þær völtuðu yfir sænska landsliðið á Bramall Lane í Sheffield á Englandi í gærkvöld með fjórum mörkum gegn engu.

Þjóðverjar og Frakkar mætast í undanúrslitum í dag.

Ensku stelpurnar mæta annað hvort Frökkum eða Þjóðverjum í úrslitaleiknum sem fram fer um næstu helgi en liðin tvö mætast í síðari undanúrslitaleik mótsins í dag. Liðin þykja mjög jöfn að styrkleika og því má búast við hörkuleik.

Íslenska kvennalandsliðið komst ekki upp úr sínum riðli í mótinu þrátt fyrir að hafa ekki tapað leik. ■

Aðdráttarafl hvalsins

Hvalir hafa í mörg ár laðað erlenda ferðamenn til Íslands en boðið er upp á hvalaskoðunarferðir víða um landið. Þótt flestir komi til að virða þessar risaskepnur fyrir sér í sínu náttúrulega umhverfi hefur Ísland líka dregið að sér áhyggjufulla umhverfissinna sem fylgjast með veiði, slátrun og verkun í hvalstöðinni í Hvalfirði. Ólíklegt er að hin síðarnefndu fari eins sátt héðan og þau fyrrnefndu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kaldar kveðjur til ríkisstarfsmanna

erlamaria@frettabladid.is

Þórarinn Eyfjörð, varaformaður BSRB

KJARAMÁL Fjársýsla ríkisins hefur sætt gagnrýni fyrir að greiða ekki út laun fyrr en eftir verslunarmannahelgi. „Ef þetta eru þakkirnar fyrir það sem fólk er búið að leggja á sig, og sérstaklega starfsfólk ríkisins bæði í heilbrigðiskerfinu og öðrum kerfum til að halda þeim gangandi síðustu tvö og hálft árið, þá er eitthvað mikið að," segir Þórarinn Eyfjörð, varaformaður BSRB.

Samkvæmt starfsmannalögum á að greiða út laun fyrsta virka dag hvers mánaðar en alla jafna eru launin greidd út fyrir mánaðamót, beri þau upp á frídegi. Þegar það brást í fyrsta skipti í maí síðastliðnum töldu margir að um mistök væri að ræða.

„Við skulum ekki gleyma því að það er mjög stór hópur ríkisstarfsmanna sem hefur lagt bæði fjölskyldulíf sitt til hliðar, áhugamál og umgengni við sína nánustu vegna faraldursins, og hefur verið í ákaflega erfiðri stöðu við að reyna af öllum mætti að halda samfélaginu gangandi. Að þetta skuli svo vera kveðjurnar sem ríkið sendir sínum starfsmönnum er með ólíkindum," segir Þórarinn. ■

Hnattræn hlýnun og stríð bæti forsendur kornræktar

Enn talar Alþingi Íslendinga kornrækt niður, segir kokkur á Héraði, þrátt fyrir aukin tækifæri í kornrækt hér á landi. Matvælaframleiðsla í heiminum er að færast norðar á bóginn.

bth@frettabladid.is

LANDBÚNAÐUR Blikur eru á lofti í kornrækt í heiminum. Hnattræn hlýnun hefur torveldað framleiðslu á hefðbundnum ræktunarslóðum, auk þess sem stríðið í Úkraínu hefur mikil áhrif. Þeir sem hafa afkomu af kornrækt hér á landi segja tímabært að setja kornrækt hérlendis af fullum þunga á dagskrá.

„Ég nota korn, framleitt hér á Vallanesi, á hverjum einasta degi, bæði kvölds og morgna," segir Gunnhildur Emilsdóttir, kokkur á Héraði. Umfangsmikil framleiðsla hefur um skeið verið á lífrænu korni á staðnum. Heiðgulir akrar prýða nágrennið með skjólbeltum. „Hér er korn í morgunmatnum, korn í öllu meðlæti, heimaræktað bygg í salatinu og flest öllu," sagði Gunnhildur þegar Fréttablaðið tók hana tali fyrir austan.

Gunnhildur, sem er landskunn fyrir að hafa opnað Á næstu grösum, fyrsta grænmetisstaðinn hérlendis, segir að matvælaframleiðsla sé að færast norðar í heiminum.

„Þeir geta ekki ræktað eins mikið og áður á Spáni, í Portúgal og Frakklandi vegna veðurs. Svo er ástandið í Úkraínu vegna stríðsins. Ég er búin að vera í þessum bransa í 40 ár og enn er Alþingi að tala kornrækt niður. Það er einhver mikill misskilningur í gangi."

Eygló Björk Ólafsdóttir kornræktarbóndi segir að flestir innlendir ræktendur framleiði korn í skepnufóður en korn til manneldis sé einkenni Vallaness. „Við höfum sérhæft okkur í lífrænu heilkorni og svo er líka verið að rækta bygg í brennda drykki, komin íslensk byggmjólk á markað og töluvert af bökunarvörum, þannig mætti lengi telja. Ísland er innflutningsdrifið land og við þurfum að hamla gegn því," segir Eygló.

Eymundur Magnússon, bóndi í Vallanesi, segir að það stefni í meðaluppskeru þetta árið. Guli liturinn setur svip sinn á umhverfið. FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRN

Hnattræn hlýnun gæti aukið möguleika á kornrækt hér á landi, í það minnsta um skeið.

Tilraunastjóri hjá Landbúnaðarháskólanum hefur sagt að enginn markaður sé fyrir korn hér á landi. Staðreyndin er önnur að sögn kornræktenda. Vallanes, Þorvaldseyri og Sandhóll eru auk margra annarra býla dæmi um farsæla framleiðslustaði en uppskeran getur sveiflast mjög milli ára.

„Kornrækt er sem stendur algjörlega óvarin fyrir áföllum," segir Eygló og bendir á að reglum Bjargráðasjóðs þurfi að breyta auk þess sem flestar aðrar atvinnugreinar geti snúið sér til tryggingafélaga eftir afkomubrest.

„Umhverfið er stóra málið. Þetta umhverfi getur ráðið hvort fólk snýr sér að þessari ræktun og vinnslu eða ekki. Það þarf að milda höggin. Það er rosalega mikið í húfi fyrir alla matvælaframleiðslu." ■

NÝR

RENAULT MEGANE E-TECH

100% rafmagn

*Uppgefnar tölur um drægni taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vega hafa áhrif á drægni rafbíla.

E NNEMM / SÍA / NM011753

Hrein hönnun
Hrein tækni
Hrein tilfinning

Nýr og spennandi Renault Megane E-Tech er mættur! 100% rafbíll með allt að 470 kílómetra drægni*. Hrein hönnun, hrein tækni og hrein tilfinning í rúmgóðum og snjallvæddum bíl sem er tilbúinn að flytja þig inn í framtíðina.

Verð frá: **5.390.000 kr.**

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Sjá má viðspyrnu í tölum Skattsins.

Færri missa vinnu vegna gjaldþrota

ser@frettabladid.is

VINNUMARKAÐUR Áttatíu prósentum færri launamenn misstu atvinnu sína vegna gjaldþrota fyrirtækja á öðrum ársfjórðungi í ár miðað við tímabilið apríl til júní á síðasta ári.

Af tölum Skattsins má augljóslega sjá viðspyrnu í atvinnulífinu á milli ára. Nærri fimm hundruð manns misstu vinnu sína á þessu tímabili í fyrra, en 101 launamaður í ár.

Samtals voru 28 fyrirtæki, sem skráð voru í fyrirtækjaskrá Skattsins, tekin til gjaldþrotaskipta í júní síðastliðnum sem er tæplega 70 prósenta fækkun frá júní 2021. ■

Faraldurinn setti svip á síðustu ár.

Fjölgar í Leifsstöð

ser@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Fjórfalt meiri umferð var um Keflavíkurflugvöll í júní í ár en í sama mánuði á síðasta ári, að því er fram kemur í nýjum tölum Hagstofunnar.

Yfir 240 þúsund brottfarir farþega voru í þeim mánuði samanborið við ríflega 56 þúsund í fyrra. Af þessum fjölda fóru rösklega 176 þúsund útlendingar um völlinn í júní í ár en ríflega 42 þúsund í júní í fyrra.

Eðli málsins samkvæmt hefur gistináttum á hótelum líka fjölgað, en þær voru tæplega 328 þúsund í maí í vor, sem er gott betur en þrefalt meira en í sama mánuði í fyrra. ■

Kaup Gavia Invest fyrsti leikur í stærri fléttu

olafur@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Gavia Invest ehf., sem keypti í gær ríflega 16 prósenta hlut í Sýn hf., setti í gærmorgun fram kröfu um hluthafafund til að kjósa félaginu nýja stjórn.

Harkalegt orðalag í tilkynningu til Kauphallar vekur athygli. Þar kemur fram að þess sé krafist að umboð núverandi stjórnar verði fellt niður og ný stjórn kjörin. Þetta þykir gefa til kynna að hluthafar Gavia Invest ætli sér ekki að vera hlutlausir fjárfestar í Sýn.

Einn viðmælandi Fréttablaðsins telur þessi kaup Gavia Invest einungis fyrsta leik í stærri fléttu. Kaupverðið væri hátt, en hlutabréf í Sýn hafa hækkað um nálega 50 prósent síðasta árið.

Annar viðmælandi segir kaupendur greinilega sjá dulið virði í Sýn og býst við tíðindum eftir kjör nýrrar stjórnar.

Hann bendir á að Jón Skaftason, forsvarsmaður Gavia Invest, og Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Skel fjárfestingafélags, séu nánir samstarfsmenn og forvitnilegt verði að fylgjast með framhaldinu.

Í hópi kaupenda eru aðilar sem hafa tengst fjarskiptafyrirtækinu Nova.

Í hópi kaupenda Sýnar eru Jonathan R. Rubini, sem áður var hluthafi í Nova, og Mark Kroloff, sem sat í stjórn Nova. Skammt er síðan greint var frá nánu samstarfi Sýnar og Nova við uppbyggingu 5G-farsímanets. ■

Kæra skemmdir á regnbogafánanum

Regnbogafáninn við Grafarvogskirkju hefur orðið fyrir skemmdarverkum tvisvar á skömmum tíma. Skemmdirnar hafa verið kærðar til lögreglu. Starfsfólk kirkjunnar hefur einnig fengið hatursbréf.

thorgrimur@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Krotað var yfir regnbogafánann á gangstéttinni fyrir framan Grafarvogskirkju í annað skipti á þremur dögum á mánudaginn. Í fyrra skipti var þar ritað „Antichrist!“ og í hið seinna „Leviticus 20, 20:13.“ Í bæði skiptin virðist vera um að ræða hatursskilaboð gegn stuðningi kirkjunnar við réttindi hinsegin fólks.

Guðrún Karls Helgudóttir, sóknarprestur í Grafarvogskirkju, segir að skemmdarverkið hafi verið tilkynnt til lögreglu. „Ég gerði það ekki eftir fyrra skiptið, þá ákváðum við að gefa þessu séns. En núna hefur þetta verið tilkynnt.“

Þegar fáninn var málaður á gangstéttina voru viðtökurnar að sögn Guðrúnar afar jákvæðar. Eftir að kirkjan birti myndir af skemmdarverkinu á Facebook-síðu sinni segir Guðrún þó að ýmsir hafi lagt orð í belg með sjónarmið af ýmsum toga.

„Það hefur verið heilmikil umræða á Facebook-síðunni þar sem eru skoðanir í fleiri áttir,“ segir Guðrún. „Svo hringdi ein í gær og kvartaði yfir fánanum og fannst hann alveg ómögulegur. Það eru aðeins fleiri að koma fram, þau sem eru ekki ánægð með að kirkjan taki þessa afstöðu.“

Versið sem vitnað er til í seinna krotinu er að finna í þriðju Mósebók Gamla testamentisins. Í því er lögð dauðarefsing við kynmökum milli tveggja karlmanna. Gjarnan hefur verið vísað til versins til að mæla gegn réttindum samkynhneigðra á trúarlegum grundvelli en Guðrún telur það ekki rökrétta túlkun á kristinni trú.

Seinna krotið á regnbogafánanum við stéttina fyrir framan Grafarvogskirkju.

MYND/AÐSEND

> Þetta lýsir í mínum huga einhverju öðru en kærleiksríkri trú.

Guðrún Karls Helgudóttir, sóknarprestur í Grafarvogskirkju

„Það að taka þetta vers úr sínu samhengi til að styðja málstað gegn hinsegin fólki lýsir í mínum huga einhverju öðru en kærleiksríkri trú,“ segir Guðrún. „Viðkomandi hefði alveg eins getað tekið út úr sama textabálki að það eigi að líflláta fólk fyrir að bölva foreldrum sínum, eða að ef karl sefur hjá konu á blæðingum eigi að líflláta þau bæði. Það er ýmis svona boðskapur í Biblíunni og hann hefur sínar sögulegu skýringar, en þessi texti er til kominn um það bil 250 árum fyrir Krist. Það er talið mjög líklegt að með þessum textabút hafi verið að gagnrýna þjóðir þarna í kring þar sem það viðgekkst að karlar væru að misnota unga drengi.“

Grafarvogskirkja er ekki eini staðurinn á Íslandi þar sem kirkjunnar fólk hefur orðið fyrir aðkasti vegna stuðnings síns við réttindi hinsegin fólks að undanförnu. Pétur G. Markan biskupsritari og Margrét Lilja Vilmundardóttir prestur fengu á föstudaginn nafnlaust hatursbréf inn um lúguna þar sem þau voru kölluð „kríp fólk“ með „úrkynjaða hegðun“.

Guðrún segist ekki vita hvort hatursbréfið tengist skemmdarverkunum við Grafarvogskirkju beint en segir það vafalaust tengjast óbeint. „Þetta er af sama meiði, að fólk er ósátt við að kirkjunnar fólk styðji réttindi hinsegin fólks. Við vitum að það er mikið af öfgatrúarhópum sem eru á móti hinsegin fólki. Í mínum huga er þetta ekki úr kristninni komið. Þetta snýst frekar um að pakka hatri í umbúðir trúar. En hvatinn sé einhver annar en heit trú.“

Búið er að koma myndavél fyrir við gangstéttina fyrir framan Grafarvogskirkju, þar sem málað hefur verið yfir krotið. „Ef við finnum út hver þetta var er viðkomandi hjartanlega velkominn í kaffi til okkar,“ segir Guðrún. ■

Taktu bragðgóðu Myllu smáu kökurnar alltaf með

> Taktu Myllu smáar kökur alltaf með fyrir alla. Myllu smáar kökur eru alltaf 4 í pakka, 4 smáar með möndlu, 4 smáar með súkkulaði og núna 4 smáar með Nutella. Fáðu þér smá Myllu einu sinni á dag.

Myllu smáar kökur og bragðgóðar
– núna með Nutella-fyllingu í úrvali með möndlum og súkkulaði.

MYLLAN
Alltaf nýbakað síðan 1959

> nánar á myllan.is

Askja geti safnað meiri kviku áður en bergið brestur

sigurjon@frettabladid.is

NÁTTÚRUVÁ „Það sem er að gerast í Öskju er að það er kvika að safnast fyrir á tveggja kílómetra dýpi. Það er búið að standa yfir í eitt ár," segir Magnús Tumi Guðmundsson, jarðeðlisfræðingur hjá Háskóla Íslands.

Í gær fundaði Veðurstofa Íslands með vísindamönnum frá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands ásamt fulltrúum almannavarna um þróun mála í Öskju síðustu mánuði þar sem landbreytingar og jarðskjálftagögn voru rædd.

Óvissustig almannavarna er í gildi við Öskju og Veðurstofan fylgist vel með svæðinu ásamt almannavörnum, lögreglu og Vatnajökulsþjóðgarði.

Aðspurður segir Magnús óvíst hve lengi þessi virkni muni vara og hvernig þróunin verði. „Þetta gæti hætt á næstunni og þá gerist ekki meira. Þetta gæti haldið áfram í töluverðan tíma og þá kannski hætt og svo gæti þetta haldið áfram í töluverðan tíma og endað með gosi," segir hann.

Hann segir ekki hægt að fullyrða um það. „En miðað við það að það er lítil jarðskjálftavirkni sem fylgir þessu þá bendir það til þess að Askja eigi svolítið inni, að hún geti safnað meiru áður en bergið brestur og kvika fer að brjótast til yfirborðs," segir Magnús Tumi.

Óvissustig hefur verið í gildi vegna Öskju síðan í september í fyrra.

Askja er sögulega virk eldstöð. Síðast gaus í henni árið 1961 og þar áður á þriðja áratug tuttugustu aldar. Síðan varð stórt sprengigos í Öskju árið 1975 en þá myndaðist mikið gjóskulag sem barst yfir Norðausturland.

„Það er ólíklegt að slíkt fari að endurtaka sig svona stuttu eftir svona atburð. Það er eitthvað sem við teljum mjög ólíklegt," segir Magnús Tumi og bætir við: „Það er líklegra að ef það gýs að það verði eitthvað í líkingu við gosið árið 1961 eða á þriðja áratug tuttugustu aldar, sem voru ekki stór gos."

Magnús Tumi segir ekki hægt að fullyrða neitt að þessu. „Við verðum að bíða og sjá hverju fram vindur en flest bendir til þess að atburðarásin sé ekki komin á þann stað að það sé líklegt að það gjósi á næstunni," segir hann. ■

Rússar ætla að draga verulega úr gasdælingu til Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Minnka gasnotkun um fimmtán prósent

adalheidur@frettabladid.is

EVRÓPUSAMBANDIÐ Samkomulag hefur náðist meðal ríkja Evrópusambandsins um að minnka gasnotkun næsta vetur um fimmtán prósent. Ráðherraráð sambandsins tilkynnti þetta í gær.

Ungverjar voru andvígir samkomulaginu, einir aðildarþjóða, en utanríkisráðherra Ungverjalands var í Moskvu í síðustu viku til að ganga frá samningi við Rússa um kaup á jarðgasi.

Markmið samkomulagsins er að draga úr áhrifum Rússa, en Volodímír Selenskíj, forseti Úkraínu, hefur varað við því að Rússar noti jarðgasið sem vopn gegn Evrópuríkjum.

Gasfyrirtækið Gazprom, sem er í rússneskri ríkiseigu, tilkynnti á mánudag að gasflutningar til Evrópu yrðu skornir niður um helming frá deginum í dag. Fyrirtækið segir viðhald við dælustöð ástæðu niðurskurðarins en forysta Evrópusambandsins leggur ekki trúnað á það. ■

Helstu einkenni sjúkdómsins hjá hundum er fósturlát seint á meðgöngutíma. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Áður ókunn sýking í hundum hér á landi

ser@frettabladid.is

DÝRAVELFERÐ Grunur leikur á að ný bakteríusýking hafi greinst í íslenskum hundum sem ekki hefur komið upp hér á landi áður, svokölluð Brucella canis, að því er fram kemur í tilkynningu frá Matvælastofnun.

Þar kemur fram að bakterían er svokölluð súna sem getur smitast á milli dýra og manna, en stofnunin tekur þó fram að smit í fólk af völdum hennar sé sjaldgæft, en hún smitast almennt ekki á milli manna.

Helstu einkenni sjúkdómsins hjá hundum er fósturlát seint á meðgöngutíma, andvana eða veikburða hvolpar sem oft drepast fljótlega og bólgur í eistnalyppum hjá rökkum. Helsta smitleiðin milli dýra er pörun en náið samneyti milli hunda getur einnig valdið smiti.

Fáum tilfellum af þessari bakteríusýkingu í fólki hafi verið lýst, en einkenni í mönnum geti verið hiti, hrollur, vanlíðan, lystarleysi, beineða vöðvaverkir og eitlastækkanir.

Einkennin geti komið fram eftir nokkra daga eða jafnvel mánuði. Þau geti einnig horfið og komið aftur.

Í tilkynningu stofnunarinnar segir að börn yngri en fimm ára, ónæmisbældir einstaklingar og þungaðar konur séu talin vera í meiri hættu á alvarlegri sýkingu.

Helsta áhættan á smiti í fólk sé frá vessum og vefjum við fæðingarhjálp hjá sýktum tíkum og því séu dýralæknar og hundaræktendur líklegastir til að verða útsettir fyrir smiti. ■

Aðstandandi konu sem lést á HSS segir ekkert nýtt að lögmenn sakborninga í alvarlegum sakamálum vilji að umræðan snúist umbjóðendum þeirra sem mest í hag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Matsgerðir dugi ekki til að fella niður rannsókn máls

Fúsk er allsráðandi á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, að sögn aðstandanda konu sem lést á stofnuninni. Skráning mála ein og sér skýri vart alvarlega misbresti. Landspítalinn mun kalla eftir nánari upplýsingum.

bth@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Eva Hauksdóttir, dóttir konu sem lést 19. október árið 2019 á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS), efast um að matsgerðir dómkvaddra matsmanna muni leiða til þess að rannsókn á hendur lækni sem annaðist móður hennar verði felld niður. Grunur hefur beinst að tilefnislausum lífslokameðferðum tveggja lækna hjá HSS.

Lögmaður læknisins sem annaðist móður Evu hélt því fram í Fréttablaðinu í gær að niðurstaða matsgerðanna væri þannig að hann teldi viðbúið að mál gegn lækninum yrðu felld niður og rannsókn hætt. Í matsgerðunum segir að skráning læknismeðferða á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í tölvukerfum hafi verið með öðrum hætti en á öðrum sjúkrastofnunum. Ekki hafi alltaf verið samræmi milli skráninga í tölvukerfum og þeirra meðferða sem í raun hafi verið veittar.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum mun nú ákveða næstu skref en matsgerðirnar voru hluti af rannsókn málsins. Mjög alvarlegar ásakanir hafa komið fram og hefur verið fjallað um allt að sex tilvik þar sem grunur hefur beinst að því hvort sjúklingar hafi fengið ástæðulausa lífslokameðferð. Embætti landlæknis hefur í álitsgerð gert fjölmargar athugasemdir við störf að minnsta kosti annars þeirra tveggja lækna sem hafa verið til rannsóknar.

> Niðurstaða landlæknis er að meðferð móður minnar hafi haft öll einkenni lífslokameðferðar. Þá skiptir ekki máli hvernig mál eru skráð.

Eva Hauksdóttir, lögmaður

Eva Hauksdóttir segist sjálf ekki hafa séð matsgerðina. Hún sé þó ekki hissa á að hafa lesið í Fréttablaðinu að skráningu hafi verið ábótavant hjá HSS. Klúður hafi einkennt starfsemi stofnunarinnar, að minnsta kosti á deild móður hennar heitinnar.

„Niðurstaða landlæknis er að meðferð móður minnar hafi haft öll einkenni lífslokameðferðar. Þá skiptir ekki máli hvernig mál eru skráð," segir Eva.

Hún bætir við: „Við höfum séð hluti sem eru svo alvarlegir að það er full ástæða til að lögreglan á Suðurnesjum rannsaki þá frekar. Þetta er ekki allt einn misskilningur." Varðandi ummæli lögmanns læknisins um að málinu hljóti nú að ljúka og rannsókn verði hætt, segir Eva, sem sjálf er lögmaður, að það sé ekkert nýtt að lögmenn sakborninga í alvarlegum sakamálum vilji að umræðan snúist umbjóðendum þeirra sem mest í hag.

„En mér finnst þetta fúlt vegna þess að ég veit hvernig í málinu liggur."

Starfssaga annars læknisins hefur ítrekað orðið fréttaefni. Fordæmdu margir þegar hann fékk starf hjá Landspítalanum á sama tíma og málið var í rannsókn. Í svörum Landspítalans við fyrirspurn Fréttablaðsins um það hvort læknirinn muni aftur snúa til starfa á grunni matsgerðanna segir að Landspítalinn muni kalla eftir nánari kynningu á niðurstöðum matsgerðanna. Læknirinn sem um ræðir er í leyfi. ■

Skál!

heimkaup

MARKAÐURINN

27. júlí 2022 MIÐVIKUDAGUR

Skoðun

Magdalena Anna Torfadóttir

Að kaupa eða ekki kaupa

Þátttaka almennings á hlutabréfamarkaði hefur stóraukist á undanförnum misserum. Í lok síðasta árs áttu 30 þúsund Íslendingar skráð hlutabréf í Kauphöllinni en í því samhengi má nefna að þeir voru 9 þúsund í lok árs 2019.

Sú mikla fjölgun sem hefur átt sér stað er vissulega fagnaðarefni enda hafa vextir verið sögulega lágir að undanförnu og raunávöxtun innlánsreikninga verið neikvæð. Því er eðlilegt og jákvætt að almenningur hafi leitað betri leiða til að ávaxta sinn sparnað eins og til að mynda í hlutabréfum eða sjóðum.

Það er óhætt að segja að að undanförnu hefur áhugi fólks og einkum ungs fólks á fjárfestingum aukist til muna. Krafan um að meiri áhersla verði lögð á fjármálalæsi í menntakerfinu verður sífellt háværari og við sjáum að áhugi fyrir þátttöku í hlutafjárútboðum fyrirtækja hefur verið mikill.

Allt er þetta í sjálfu sér jákvætt en þó er vert að hafa í huga að varasamt er að menn séu ekki meðvitaðir um áhættuna sem felst í því að fjárfesta í hlutabréfum.

Á síðasta ári var erfitt og í rauninni ekki hægt að tapa á því að fjárfesta í innlendum hlutabréfum. Úrvalsvísitalan hækkaði um rétt tæp 33 prósent og fjárfesting í langflestum fyrirtækjum á innlenda markaðnum gaf virkilega vel af sér. En nú er farið að syrta í álinn. Markaðsaðstæður hafa sjaldan verið jafn krefjandi og nú. Úrvalsvísitalan hefur lækkað um rétt rúm 17 prósent frá áramótum og vísbendingar eru um að markaðurinn stefni í bjarnarmarkað. Það þýðir ekki endilega að fólk eigi að hætta að fjárfesta í hlutabréfum heldur er staðan aðeins áminning um það hversu mikilvægt það er að taka upplýsta ákvörðun um tilhögun sparnaðar.

Það að fjárfesta í einstökum hlutabréfum getur verið áhættusamt og krefst yfirgripsmikillar þekkingar sem verður ekki lærð á örskotsstundu. Því er oft mælt með að þeir sem hvorki hafa menntun né þekkingu á fjármálum ættu fremur að fjárfesta í sjóðum heldur en einstökum hlutabréfum, að minnsta kosti til að byrja með. En jafnvel þótt einungis sé fjárfest í sjóðum er mikilvægt að fylgjast vel með mörkuðum og efnahagsumræðunni til að geta brugðist við atburðum í tíma.

Undirrituð vonar að áhugi fólks á því að fjárfesta í hlutabréfum muni aukast enn frekar þegar fram líða stundir og traust almennings á hlutabréfamarkaðnum eflist. Til að svo megi verða er mikilvægt að efla fjármálalæsi í menntakerfinu en einnig að fólk haldi áfram að afla sér þekkingar á því sviði. Því fjárfesting í þekkingu gefur yfirleitt mest af sér. ■

Forsætisráðherra segir að markmiðið sé að uppfæra úrelta löggjöf frá 1991 sem snýr að rýni erlendra fjárfestinga. Nú liggur áformaskjal fyrir í samráðsgátt.

FRÉTTABLADID/ERNIR

Fá ríki með meiri hömlur á beina erlenda fjárfestingu en Ísland

Forsætisráðherra segir að huga þurfi að þjóðaröryggi þegar kemur að erlendri fjárfestingu en á sama tíma sé mikilvægt að vera ekki með óþarfa hömlur. Aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir það neikvætt að erlend fjárfesting hafi farið minnkandi.

magdalena@frettabladid.is

Í samráðsgátt stjórnvalda liggur nú fyrir áformaskjal um rýni á erlendum fjárfestingum vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir í samtali við Markaðinn að ástæðan fyrir því að áformin séu lögð fram sé að Ísland sé með úrelta löggjöf þegar kemur að erlendum fjárfestingum.

„Staðreyndin er sú að öll okkar nágrannalönd hafa verið að setja lagaramma um rýni erlendra fjárfestinga. Þannig að Ísland sker sig úr hvað þetta varðar þar sem við erum með löggjöf frá 1991," segir Katrín og bætir við að sú löggjöf gefi stjórnvöldum heimild til að stöðva erlenda fjárfestingu en skilyrðin fyrir því séu ekki nægjanlega skýr.

„Þetta eru áform sem sett hafa verið í samráðsgátt stjórnvalda þannig að það er ekki komið fram neitt heildstætt frumvarp. Við viljum fá athugasemdir og viðbrögð til að hægt sé að vinna þetta sem best."

Samtök atvinnulífsins hafa skilað inn umsögn um lagasetningu um rýni á erlendum fjárfestingum vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu. Í umsögninni segir að samtökin fagni því að verið sé að endurskoða löggjöfina en gera athugasemdir við áformin í núverandi mynd. Að sögn samtakanna virðist sem svo að gengið sé lengra en í öðrum löndum þegar kemur að sambærilegri löggjöf.

> Það er alveg ljóst að þær kvaðir sem lagðar eru til munu hafa fælandi áhrif á erlenda fjárfesta.

Anna Hrefna Ingimundardóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri SA

Anna Hrefna Ingimundardóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, bendir á í samtali við Markaðinn að fá ríki séu með meiri hömlur hvað varðar beina fjárfestingu erlendra aðila en Ísland.

„Enda mælist erlend fjárfesting lítil hér á landi og hefur farið minnkandi á undanförnum árum. Það er ekki jákvæð þróun, enda ætti það að vera sérstakt markmið þjóða að laða til sín erlenda fjárfestingu sem eykur fjölbreytni atvinnulífsins og áhættudreifingu meðal annarra kosta," segir Anna Hrefna og bætir við að ekki sé ljóst hvaða áhrif lagasetningin geti haft á möguleika og vilja erlendra fjárfesta til að taka þátt á íslenskum hlutabréfamarkaði.

„Við stöndum nú frammi fyrir einstöku tækifæri til að auka erlenda þátttöku og þar með uppfærslu í flokk nýmarkaðsríkja hjá FTSE. Nasdaq Iceland hefur áætlað að þessi breyting gæti þýtt innflæði upp á 50 milljarða króna. Við viljum ekki senda þau skilaboð að slík fjárfesting inn í íslenskt atvinnulíf sé óvelkomin."

Katrín bætir við að mikilvægt sé að huga að þjóðaröryggi en á sama tíma sé mikilvægt að efla erlenda fjárfestingu á sumum sviðum.

„Það er vissulega vandmeðfarið að finna jafnvægi í þessu. Erlend fjárfesting getur verið af hinu góða og með þessu er alls ekki verið að segja að hún sé slæm að neinu leyti. Frekar er hugsunin sú að íslensk stjórnvöld fái tæki og tól til þess að rýna erlendar fjárfestingar með fullnægjandi hætti þannig að við séum örugg um það, einkum þegar kemur að innviðum."

Anna Hrefna gagnrýnir jafnframt að svo virðist sem við ætlum að ganga lengra en önnur ríki sem hafa nýlega innleitt sambærilega löggjöf án rökstuðnings og þrátt fyrir að afar takmörkuð reynsla sé komin á löggjöfina í öðrum löndum.

„Það er alveg ljóst að þær kvaðir sem lagðar eru til munu hafa fælandi áhrif á erlenda fjárfesta, sérstaklega ef til staðar verða mjög víðtækar heimildir til upplýsingaöflunar og synjunar fjárfestinga sem gætu byggst á geðþóttaákvörðunum frekar en skýrum, vel rökstuddum og fyrirfram afmörkuðum mælikvörðum."

Katrín bætir við að það sé verðugt verkefni að greiða leið fyrir erlenda fjárfestingu hér á landi.

„Ég held utan um þessa vinnu sem við erum í núna sem formaður Þjóðaröryggisráðs og öryggishagsmunir verða að vera til staðar. En að sjálfsögðu eigum við að velta fyrir okkur hvort það séu óþarfa hindranir þegar kemur að erlendri fjárfestingu. Það er á verksviði viðskiptaráðherra en raunar hafa nokkur ráðuneyti komið að þessari vinnu, þar á meðal menningar- og viðskiptaráðuneyti."

Anna Hrefna segir að gagnrýni á þessi áform stjórnvalda þýði alls ekki að samtökin vilji ekki sjá löggjöf um erlenda fjárfestingu út frá sjónarhóli þjóðaröryggis.

> Það er vissulega vandmeðfarið að finna jafnvægi í þessu.

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

„Þvert á móti en þessi áform eru einfaldlega ótímabær í ljósi þeirra augljósu vankanta sem ég nefndi. Yfirvöld þurfa að tryggja að sú löggjöf sem lögð er fram sé í samræmi við aðra löggjöf, stefnu yfirvalda í málaflokknum og að hún fórni ekki meiri hagsmunum fyrir minni með því að ganga mun lengra en þörf krefur."

Katrín segir að gott sé að horfa til nágrannalandanna í þessu samhengi og finnst eðlilegt að beðið sé með gagnrýni þangað til eftir að endanlegt frumvarp sé komið fram.

„Við sjáum það alls staðar í kringum okkur að þjóðir eru að leita leiða til að rýna erlenda fjárfestingu og velja til þess ólíkar leiðir. Við erum að sjá erlenda aðila í löndunum í kringum okkur fjárfesta í innviðum sem hafa gildi fyrir þjóðaröryggi og almannaöryggi. Þannig að það er nauðsynlegt fyrir okkur að endurskoða okkar löggjöf sem er úrelt miðað við löggjöf annarra ríkja og kröfur samtímans." ■

PeakPerformance®

ÚTIVISTARFATNAÐUR

Helium Hood
Dúnúlpa með hettu

39.990 kr.

Stingum af...

Helium dúnúlpa m/hettu ♀
39.990 kr.

Helium dúnúlpa m/hettu ♂
39.990 kr.

Frost dúnvesti ♀♂
26.990 kr.

Helium dúnjakki m/hettu ♀
32.990 kr.

Helium dúnjakki ♀
32.990 kr.

Helium dúnjakki m/hettu ♂
32.990 kr.

Xenon regnbuxur ♀♂
22.990 kr.

Track Tights leggings ♀
23.990 kr.

Stretch Trek göngubuxur ♀
26.990 kr.

Stretch Trek göngubuxur ♂
26.990 kr.

GG SPORT

Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18. Lokað um verslunarmannahelgina.

Hefur gæði að leiðarljósi og stefnir á útrás

Magdalena Anna Torfadóttir
magdalena@frettabladid.is

Stofnandi nýsköpunarfyrirtækisins Ankra, sem vinnur kollagen úr íslensku fiskroði, segir að mikil tækifæri séu fólgin í að byrja að selja vörurnar erlendis. Fyrirtækið hyggst jafnframt kynna nýjungar á komandi misserum.

Nýsköpunarfyrirtækið Ankra er með vörumerkið Feel Iceland sem sérhæfir sig í hágæða kollagen prótíni sem unnið er úr íslensku fiskroði.

Hrönn Margrét Magnúsdóttir, stofnandi Ankra, segir að markmið fyrirtækisins hafi verið skýrt frá upphafi. Það er að bjóða upp á besta kollagen sem framleitt hefur verið úr besta hráefni sem fyrirfinnst.

„Við fengum til liðs við okkur fyrrverandi starfsmann Kerecis sem var sérfræðingur í kollageni þegar við hófum vöruþróun. Við höfum svo unnið með lækni varðandi virkni og rannsóknir á kollageni en þeim hefur fjölgað gífurlega síðustu ár sem er mjög jákvætt. Við vinnum svo með einum reyndasta kollagenframleiðanda í heimi en gæðin eru slík hjá þeim að þeir framleiða fyrir lyfjafyrirtæki. Þeir framleiða svo sérstaklega fyrir okkur kollagen úr besta hráefninu, íslensku fiskroði. Öll önnur framleiðsla á sér svo stað á Grenivík."

Hrönn segir að það hafi opnað margar dyr að hafa aðgang að kollageni í þeim gæðum sem fyrirtækið er að vinna með þar sem auðvelt er að nota það í drykki og matvæli. Margir kannist eflaust við drykkinn Collab en það var hugmynd frá Ankra að gera slíkan drykk.

„Við fengum Ölgerðina til þess að vinna það með okkur og úr varð þetta öfluga samstarfsverkefni lítils frumkvöðlafyrirtækis og stærsta drykkjaframleiðanda landsins."

Að sögn Hrannar kviknaði hugmyndin að Ankra út frá því að hún taldi nytsamlegt að reyna að nýta betur aukaafurðir íslenska fisksins.

„Tengdafaðir minn er skipstjóri að vestan og eftir að hafa fylgst með hvað varð um fiskinn sem var veiddur langaði mig að reyna að auka verðmæti hans með því að þróa hágæða vörur úr fisknum og nýta betur það sem var hent."

Hún leigði sér borð í frumkvöðlasetri Sjávarklasans og kynntist þar Kristínu Ýri Pétursdóttur, meðstofnanda Ankra, sem var þá í sumarstarfi fyrir Sjávarklasann.

Hrönn segir að fyrirtækið muni kynna kynna ýmsar nýjungar á næstu misserum.

MYND/AÐSEND

„Þar lærði ég að það væri hægt að nýta fiskroðið til kollagenframleiðslu en á þessum tíma var íslensku fiskroði oft hent með tilheyrandi kostnaði, það er ekki raunin í dag og verð á fiskroði hefur hækkað mikið."

Á þeim tíma sem Ankra var stofnað var kollagen lítið þekkt sem fæðubótarefni en Hrönn segir að japanskar konur hafi tekið það inn árum saman sér til heilsubótar og fyrir húð og hár. Í dag sé kollagen orðið mjög eftirsótt um allan heim þar sem sífellt fleiri rannsóknir og ótal reynslusögur sýni fram á virkni þess.

Hrönn segir að vörur fyrirtækisins hafi fengið gífurlega góðar viðtökur.

„Heilt yfir hefur gengið nokkuð vel en vegferð frumkvöðla er svo sannarlega ekki rósum stráð. En við eigum góða að og það er ómetanlegt að geta leitað í reynslubanka stjórnar. Við höfum náð að stýra skútunni farsællega og erum að teikna upp leiðina sem við ætlum að sigla eftir og stefnum nú á að sigla hratt og örugglega áfram."

> **Heilt yfir hefur gengið nokkuð vel en vegferð frumkvöðla er svo sannarlega ekki rósum stráð.**

Hrönn segir að Ankra sé að búa sig undir að fara í útrás. „Við stefnum hátt og við stefnum út í heim. Við höfum nýtt mikinn tíma í undirbúning fyrir þetta stóra skref og erum aðeins byrjuð að dýfa tánum í djúpu laugina. Vörurnar okkar eru til dæmis seldar í Magasin du Nord í Danmörku, Pantechnicon í London og á nokkrum sérhæfðum læknastofum í Bandaríkjunum."

Hún bætir við að hún finni fyrir miklum áhuga á vörunum erlendis en það sé aftur á móti vandasamt að taka það skref og að mörgu sé að huga.

„Það eru spennandi og krefjandi tímar fram undan en við erum með frábært teymi sem ég hef fulla trú á að muni koma okkur þangað sem við ætlum okkur."

Hrönn segir að fyrirtækið stefni á að kynna ýmsar nýjungar á næstu misserum.

„Við höfum verið í mikilli vöruþróun undanfarið og höfum sótt þekkingu til erlendra reynslubolta sem hafa unnið fyrir mjög þekkt alþjóðleg vörumerki. Það er mikið af spennandi hlutum að gerast hjá okkur sem við munum kynna á næsta ári." ■

Nýsköpunarfyrirtækið Stubbur fyllir í gat á markaðnum

magdalena@frettabladid.is

Nýsköpunarfyrirtækið Stubbur er miðasöluvettvangur (e. platform) fyrir minni viðburði. Hlutverk fyrirtækisins er meðal annars að selja miða á smærri viðburði, þá aðallega íþróttaviðburði, og gefa út árskort, skírteini og fjölmiðlapassa.

Hjá fyrirtækinu starfa fjórir og það hefur farið ört stækkandi á síðustu misserum.

Jónas Óli Jónasson, stofnandi Stubbs, segir í samtali við Markaðinn að hugmyndin að fyrirtækinu hafi kviknað þegar hann var við nám í Svíþjóð.

„Ég gerði smáforrit fyrir KR (Knattspyrnufélag Reykjavíkur) á sínum tíma sem var hugsað sem vettvangur upplýsinga um félagið fyrir stuðningsmenn. Síðan var ég í námi í Svíþjóð í alþjóðlegri markaðssetningu og vörumerkjaþróun og þá sá ég að allir lestarmiðarnir voru virkjaðir í síma og hugsaði að þetta yrði flott virkni í appinu. Þá tengdi maður saman tvo og tvo og úr varð Stubbur," segi Jónas og bætir við að fyrirtækið hafi snemma innleitt þá stefnu að einblína á íþróttaviðburði.

> **Það sem við viljum gera er að búa til betri tengingu milli viðburðarhaldara og áhorfanda.**

„Það sem við viljum gera er að búa til betri tengingu milli viðburðarhaldara og áhorfanda, þar sem stuðningsmenn mæta oft á sömu viðburði hjá tilteknu félagi. Við einblínum á íþróttaviðburði þar sem miðarnir mega ekki vera of flóknir og aðstoðum félög við að senda út áminningar um viðburði í gegnum tilkynningar (e. notifications) til áhorfanda."

Jónas segir jafnframt að einnig hafi sú ákvörðun verið tekin



Jónas Óli, stofnandi Stubbs, segir að Stubbur stefni í útrás erlendis.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

snemma að fara ekki í beina samkeppni við aðrar lausnir heldur einbeita sér að smærri viðburðum þar sem gat hafi verið til staðar á markaðnum þegar kemur að þeim.

„Við erum á þessari stundu bara á okkar hillu og viljum einbeita okkur að því sem við erum að gera, frekar heldur en að fara í samkeppni við stærri aðila á öðrum viðburðum. Samkeppni er að sjálfsögðu af því góða en hún getur verið mjög hörð."

Jónas bætir við að fyrirtækið stefni þó á að fara í útrás erlendis og segist vera viss um að tækifærin liggi þar.

„Stubbur er í þeim undirbúningsfasa að fara í útrás erlendis. Við einbeitum okkur að því að landa viðburðum erlendis inn í Stubbs-kerfið. Við fengum styrk frá Tækniþróunarsjóði í fyrra og það hefur hjálpað okkur mikið við að þróa vöruna áfram. Ég er virkilega þakklátur fyrir að fá þann styrk. Stefnan er sett á að sækja okkur meira fjármagn á næstu misserum," segir Jónas og nefnir að fram að styrknum hafi fyrirtækið fjármagnað sig með góðum samningum við sérsamböndin og eigin fjármagni. ■

Hlutdeildarlánin gagnast ekki tekjulágum

Engin þeirra íbúða sem eru í boði á höfuðborgarsvæðinu um þessar mundir fellur undir skilyrði hlutdeildarlána. Formaður Samtaka leigjenda segir úrræðið ekki virka og að stjórnvöldum hafi mistekist að hjálpa fólki undir ákveðnum tekjumörkum að eignast húsnæði.

ggunnars@frettabladid.is

Formaður Samtaka leigjenda segir skorta pólitískan vilja til að mæta viðkvæmum hópum á fasteignamarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Það eru meiri líkur á að læknast af illvígum sjúkdómi en að komast út af leigumarkaði. Það er bara staðan í dag og hún hefur ekkert breyst.

Guðmundur Hrafn Arngrímsson, formaður Samtaka leigjenda

Hlutdeildarlánin voru fyrst kynnt í apríl 2019 sem hluti af átaki stjórnvalda á húsnæðismarkaði. Þeim var ætlað að hjálpa fyrstu kaupendum undir ákveðnum tekjumörkum að brúa bilið við fasteignakaup.

Fréttablaðið hefur undir höndum svör Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, HMS, til umsækjenda um hlutdeildarlán þar sem kemur fram að engar íbúðir uppfylli skilyrði um hámarksverð um þessar mundir.

Þá segir jafnframt í svörunum að stofnunin hafi ekki svigrúm til að samþykkja neinar undanþágur, jafnvel þótt öll önnur skilyrði úrræðisins séu uppfyllt.

Reglugerð um hlutdeildarlán er á ábyrgð innviðaráðuneytis en viðmiðunarverðið sem um ræðir er endurskoðað árlega.

Guðmundur Hrafn Arngrímsson, formaður Samtaka leigjenda, segir ljóst að stjórnvöldum hafi ekki tekist að auðvelda tekjulágum hópum að komast inn á markaðinn með þessu úrræði.

„Ef ég tala fyrir okkar félagsmenn, sem eru að stærstum hluta tekjulágt fjölskyldufólk, þá hefur þetta úrræði ekki virkað fyrir þann hóp. Það er alveg klárt. Þetta er ekki einu sinni álitinn valkostur hjá þeim sem eru að reyna að brjótast út af leigumarkaði."

Þessa upplifun segir Guðmundur vel hægt að sannreyna með því að skoða gögn HMS.

„Hreyfingin á fólki yfir 34 ára og eldri út af leigjendamarkaði er á bilinu hálft til eitt komma fjögur prósent. Þetta nær ekki til þeirra. Það eru meiri líkur á að læknast af illvígum sjúkdómi en að komast út af leigumarkaði. Það er bara staðan í dag og hún hefur ekkert breyst með tilkomu þessa úrræðis."

Að mati Guðmundar er helsta vandamálið að viðmiðunarfjárhæðin, sem ráðuneytið gefur út, haldi engan veginn í við markaðinn.

„Við höfum vísbendingar um að staðan á markaðnum í dag sé þannig að söluverðmæti þessara íbúða, sem áttu að ná til tekjulágra hópa, er allt að þrisvar sinnum hærra en byggingarkostnaður. Verð á því sem á að heita hagkvæmt húsnæði í Reykjavík er komið upp undir 900 þúsund krónur á fermetra."

Hann segir þá hagnast helst á úrræðinu sem vilji umfram allt viðhalda framboðsskorti.

„Auðvitað er best fyrir byggingaraðila að fermetraverðið sé í þessum hæðum og að munurinn á byggingarkostnaði annars vegar og söluverðmæti hins vegar sé sem mestur. En þá veltir maður því líka fyrir sér, í ljósi hástemmdra yfirlýsinga þeirra sem hafa talað fyrir þessu úrræði, hvað menn meintu eiginlega þegar þeir töluðu um hagkvæmt húsnæði eða bjargráð til þeirra sem mest þurfa á að halda."

Guðmundur segir ekkert nýtt að vald verktakans sé algert. En það sé þó öllu verra að það sé enginn raunverulegur vilji hjá stjórnvöldum til að vinda ofan af ástandinu.

„Það var talað um það í upphafi að það yrðu ákvæði um byggingarkostnað inni í þessari reglugerð. Það varð ekki raunin. Sennilega vegna þess að það er enginn raunverulegur vilji til að taka á þessu eða mæta þörfum viðkvæmra hópa. Eða hvernig á maður annars að túlka svona úrræði? Sem gagnast helst þeim sem auðgast á ástandinu. Með sína 200 prósent álagningu á íbúðum sem kerfið hvetur þá til að reisa."

Hann segir úthlutanir þessara lána helst hafa gagnast ungu barnlausu fólki sem leigi svo íbúðirnar út.

„Við sjáum það á þeim aðgerðum sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur gripið til vegna óleyfilegrar útleigu á íbúðum sem falla undir þetta úrræði. Þetta er ekki sá hópur sem talað var um að mæta."

Guðmundur segir að úrræðið hafi upphaflega vakið von í brjósti þeirra sem verst standa á húsnæðismarkaði. Sú von hafi síðan orðið að engu með tímanum.

„Ég efast ekkert um að ásetningur ráðamanna hafi verið góður. Enda er leiðin til heljar gjarnan vörðuð góðum ásetningi. En þetta er bara ekki að skila sér. Verðið á ódýrustu eignunum hefur haldið áfram að rjúka upp. Meðal annars vegna skorts á gagnsæi og þeirrar stefnu stjórnvalda að viðhalda því valdi sem verktakar og byggingaraðilar hafa á fasteignamarkaðnum. Hagur þess hóps sem verst stendur hefur síður en svo vænkast," segir Guðmundur. ■

Hávamál Eddukvæða hafa heillað lengi

■ Svipmynd

Ólafur Sigurðsson

Nám: Meistaragráða í erfðafræði frá Paris Lodron-háskóla í Salzburg 1996, rekstrar- og viðskiptafræði frá Endurmenntun Háskóla Íslands 2000.

Störf: Birta lífeyrissjóður frá 2016 og hjá forverum þess sjóðs frá 2005. Þar áður hjá Virðingu verðbréfafyrirtæki, Íslandsbanka og Lyfjaverslun Íslands. Setið í fjölmörgum stjórnum og nefndum fyrir hönd vinnuveitanda.

Fjölskylduhagir: Giftur Mörtu Hlín Magnadóttur, á með henni einn son og tvær uppeldisdætur.

Ólafur segir að sín uppáhaldsborg sé Salzburg í Austurríki en hann var þar í námi í sex ár. MYND/AÐSEND

> Kennsla, sagnfræði og smíði eru starfsgreinar sem ég gæti alveg hugsað mér að sinna.

Ólafur Sigurðsson er framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs. Hann er heillaður af Hávamálum Eddukvæða og hefur mikinn áhuga á sagnfræði og að skjótast í golf öðru hvoru.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Sem stendur þá eru það handahófskennd verkefni í garðinum og endurbætur á húsinu. Við hjónin keyptum fyrir nokkrum árum gamalt hús sem við erum í rólegheitum að aðlaga okkar högum. Ætli sagnfræðin flokkist ekki meira undir áhugamál þó ég sitji í stjórn Sögufélags Ísfirðinga sökum brennandi áhuga á sögu. Annars eru íþróttir mitt helsta áhugamál og hafa alltaf verið. Það er fátt sem gleður jafn mikið og vel útfærð svigbeygja og/eða gott snertimark í NFL. Eins finnst mér gaman að skjótast í golf öðru hvoru.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Hávamál Eddukvæða hafa heillað mig lengi. Grein eftir Óttar Norðfjörð kenndi mér að skilja betur hugtakaheim Hávamála og heilræðin hafa reynst mér vel. Af nýlegri bókum þá hafði ég einstaklega gaman af bók Andrew Lo um markaðsaðlögun (e. Adaptive Markets) frá 2017. Hún er bæði hugvekja og skemmtilestur sem ég mæli eindregið með við hvern sem er. Hann tengir þverfaglega saman efni um markaði sem dýpkaði skilning minn mikið á því hvað við eigum í raun mikið eftir að læra um markaði.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefnin á undanförnum misserum?

Covid-tengd verkefni hafa bæði verið fjölbreytt og mörg hver mjög krefjandi. Það hefur of mikil orka farið til spillis í almennum leiðindum sem fylgdu þessum faraldri sem sér nú ekki alveg fyrir endann á.

Hvaða áskoranir eru fram undan?

Að ná sátt við haghafa Birtu í mörgum stórum málum sem blasa við okkur. Verðbólgan er farin að minna óþægilega mikið á sig með tilheyrandi áhrifum á samfélagið.

Hvar sérðu þig eftir tíu ár?

Ég hlakka mikið til næstu tíu ára og er frekar bjartsýnn á lífið og tilveruna. Ég er sannfærður um að upplýsingatæknin eigi mikið inni svo ekki sé nú talað um líftæknina og orkuskiptin. Ég er þarna einhvers staðar í sjálfbærri Birtu, í góðu formi að klára Fossavatnsgönguna á Ísafirði rétt rúmlega sextugur að aldri. Ef ég verð ekki hjá Birtu lífeyrissjóði þá verð ég vonandi að vinna fyrir þá sem hafa áhuga á mínum starfskröftum á milli þess sem ég rækta sambandið við fjölskyldu og vini.

Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Uss, það er svo margt sem hefur heillað mig um ævina að ég á í mestu vandræðum með að velja. Kennsla, sagnfræði og smíði eru starfsgreinar sem ég gæti alveg hugsað mér að sinna, svo ekki sé nú minnst á líftæknina.

Hver er uppáhaldsborgin þín?

Salzburg í Austurríki hvar ég var í námi í sex ár. Ég fór fyrir nokkrum árum þangað í kórferðalag með konunni og hún er klárlega uppáhalds. Þægileg og vinaleg og býður upp á allt sem ég þarf. ■

Vonda fólkið

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Orð sem vararíkissaksóknari lét falla á Facebook-síðu sinni í síðustu viku opna augu okkar fyrir viðhorfum sem enn grassera í samfélaginu. Ekki aðeins á jöðrum samfélagsins, heldur einnig meðal menntafólks í ábyrgðarstöðum. Þau minna okkur enn og aftur á að sömu viðhorf ríkja innan kerfa og stofnana sem eiga að halda utan um fólk í verri stöðu en fæst okkar munu nokkurn tíma upplifa. Þar ríkja þrjósk tregðulögmál sem ekkert virðist bíta á.

Það er ekki bara hatrið og ógestrisnin í löggjöfinni sem ekkert virðist geta haggað, sem standa því fyrir þrifum að íslenska ríkið geti verið þjóð sinni til sóma í móttöku flóttafólks. Eins og margir hafa bent á hefur mannhatur búið um sig í kjarna Útlendingastofnunar og svo rækilega að ekki virðist nokkur leið að uppræta það önnur en að leggja stofnunina niður.

Orð vararíkissaksóknara eru bergmál þeirra viðhorfa Útlendingastofnunar að flóttafólk sé upp til hópa lygamerðir í dulargervi sem fletta þurfi ofan af. Ítrekað hefur stofnunin opinberað ömurlega afstöðu til þeirra sem hingað leita skjóls. Konum frá ríkjum sem halda uppi sjaríalögum er ráðlagt að fara aftur heim en hafa sig hægar og lúta kúgunarlögum til að lifa af. Börn eru send á brott í ömurlegar aðstæður eða óvissu eftir að hafa fest hér rætur og eignast vini. Ófrískar konur reknar á dyr.

Útlendingastofnun er rotin að innan og með ónýtt erfðamengi. Henni er ekki viðbjargandi og íslenska þjóðin hatar hana. Það er óumflýjanlegt að uppræta þessa stofnun og byggja nýtt kerfi á nýjum grunni.

Opinberar stofnanir eru iðulega lagðar niður og verkefnum þeirra komið fyrir innan annarra stofnana eða í nýrri stofnun. Þjóðhagsstofnun, Barnaverndarstofa, Rannsóknarlögregla ríkisins, Nýsköpunarmiðstöð. Líkt og verkefnum þessara stofnana má koma móttöku flóttafólks og þjónustu við innflytjendur fyrir með farsælli og mannúðlegri hætti.

Vissulega þarf að gera fleira. Eftir einangrun gamla Íslands eimir enn eftir af fordómafullum, gamaldags viðhorfum. Kannski eru þau af sömu rót og ímugustur okkar á því að útlendingar eigi hér jarðnæði og að aðrir en íslenskir auðmenn eyði náttúruauðlindum landsins. Kannski þarf þjóðin bara að bíða af sér rasismann. Skoðanakannanir sýna að yngri kynslóðirnar eru víðsýnni og umburðarlyndari og útlendingaandúð eykst með hækkandi aldri. En sitjum ekki auðum höndum meðan við bíðum, heldur krefjumst þess að Útlendingastofnun verði lögð niður. ■

> Sitjum ekki auðum höndum meðan við bíðum, heldur krefjumst þess að Útlendingastofnun verði lögð niður.

Halldór

Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Fréttaflakk
Forfallnir fréttafíklar hafa verið illilega slegnir út af laginu síðustu daga, en hið hugprúða ríkissjónvarp landsmanna hefur verið að flakka út um alla dagskrá sína með fréttatímann hins opinbera, sem vel að merkja er helsti öryggisventill þjóðarinnar og ein helsta réttlætingin fyrir tilveru stofnunarinnar. Það skrýtna í þessu öllu saman er að sjöfréttirnar hafa vikið nokkrum sinnum fyrir knattspyrnuleikjum í beinni lýsingu frá Englandi sem hafa ekki einasta verið sýndir á svokallaðri sportrás ríkismiðilsins, heldur líka samtímis á aðalrás hans.

Tvírása
Gárungarnir skilja náttúrlega ekkert í þessu rugli, enda ofrausn í þeirra huga að ríkið sýni frá sama leiknum á tveimur rásum í einu – og fórna fyrir vikið aðalfréttatíma sínum í tilsettri rás í viðtækjum landsmanna. En kannski er þetta liður í sparnaðaraætluninni í Efstaleiti, en það er náttúrlega ódýrara en ella að sýna sama efni á mörgum rásum samtímis, gott ef fótboltinn í beinni getur ekki líka verið á hinu svokallaða Krakkarúvi – og hvað þær heita sjónvarpsrásirnar sem ríkið hefur verið að stofna sér til skemmtunar og yndisauka á síðustu árum. ■

Mikilvægi frjálslyndis

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
formaður
Viðreisnar

Síðasta áratug hefur ólík hugmyndafræði aftur orðið ríkur þáttur pólitískrar umræðu og pólitískra átaka.

Víða á hugmyndafræði lýðræðisskipulagsins í vök að verjast. Eins vex einangrunarhyggju ásmegin með fráhvarfi frá hugmyndafræði frjálsra viðskipta sem hafa tryggt smáum og stórum ríkjum jafna möguleika með sameiginlegum leikreglum í fjölþjóðasamvinnu.

Brexit er skýrasta dæmið. Þar fór frjálslynd hugmyndafræði halloka fyrir íhaldssemi. Reynslan sýnir nú að atvinnulífið í Bretlandi er í veikari stöðu en áður og launafólk mætir að sama skapi meiri þrengingum.

Hér heima hefur hugmyndafræði verið bannorð. En þróunin sýnir að allar þjóðir hafa þörf fyrir að líta á einstök viðfangsefni frá sjónarhorni langtíma hugmyndastefnu. Í stað tímabundinna sérhagsmuna.

Sala á eignarhlut ríkisins í bönkum er eðlileg. Og mikilvæg. En það er röng hugmyndafræði við söluna að taka hagsmuni fjárfesta fram yfir kröfur um virka samkeppni á fjármálamarkaði. Samkeppnin er mikilvægari fyrir fyrirtæki og launafólk.

Aflahlutdeildarkerfi er hagkvæmt. Hitt vinnur gegn almennri þjóðhagslegri hagkvæmni að tímabinda ekki einkaréttinn og taka ekki gjald fyrir verðmæti hans. Eins og alls staðar er gert með einkarétt til að nýta almannaeign. Einkaafnot útgerða á sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar án eðlilegs auðlindagjalds leiðir síðan til mismununar á fjárfestingamarkaði.

Landbúnaður er í vörn en ekki sókn. Ástæðan er sú að hugmyndafræði skömmtunarstjórnar hefur vikið frjálslyndum hugmyndum um athafnafrelsi til hliðar.

Frjáls gjaldeyrisviðskipti eru mikilvæg. En það er bogin hugmyndafræði að tryggja þeim sterkustu rétt til að standa utan við krónuhagkerfið en njörva þá veikustu innan þess. Það skapar ójafna stöðu.

Þessi mismunun er ein ástæða þess að íslenskt atvinnulíf skrapar botninn í samanburði á samkeppnishæfni í alþjóðaviðskiptum og erlendri fjárfestingu.

Það er kominn tími á breytingar.

Frjálslynd hugmyndafræði í þágu almannahagsmuna þarf að leysa af hólmi ríkjandi stefnu íhaldssemi og sérhagsmuna. Hér fara saman heildarhagsmunir fyrirtækja og launafólks. ■

> En það er bogin hugmyndafræði að tryggja þeim sterkustu rétt til að standa utan við krónuhagkerfið en njörva þá veikustu innan þess.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* , Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* . Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
VEFSTJÓRI: Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Nýtt sjónarhorn í jafnréttismálum

Ole Anton Bieltvedt
samfélagsrýnir og dýraverndarsinni

Síðustu árhundruðin hefur margvísleg réttindabarátta farið fram, þar sem hinir ýmsu þjóðfélagshópar, sem minna hafa mátt sín, hafa reynt að sækja aukinn rétt, til valda, velferðar og fjármuna.

Karlar lengst af með undirtökin
Lengi voru völd og réttur í höndum karla, oft þeirra eldri, einkum ef þeir réðu fyrir miklum fjármunum og/eða komu af ættum, sem höfðu í gegnum ár og aldir tryggt sína stöðu og forréttindi í þjóðfélaginu.

Framsókn kvenna
Á seinni hluta nítjándu aldar fóru kvenskörungar í vaxandi mæli af stað með kröfugerð, fyrst, um rétt til að greiða atkvæði um hverjir skyldu fara með völdin, og svo, eða jafnhliða, um það, að geta boðið sig fram til þingsetu.

Á Norðurlöndum riðu Finnar á vaðið með fullan kosningarétt kvenna 1906, Norðmenn 1913, Danir 1915 og við Íslendingar komum svo með óvenjulegan kosningarétt kvenna, líka 1915. Bara fyrir 40 ára og eldri.

Annars konar barátta fyrir auknum réttindum
Í millitíðinni hafa alls kyns hópar háð baráttu fyrir stöðu sinni og réttindum í þjóðfélaginu, og ber þar hæst barátta hinsegin fólks og transfólks fyrir sínum réttindum.

Margvísleg önnur réttindabarátta hefur verið í gangi: Barátta kvenna fyrir rétti til fóstureyðinga, baráttan fyrir rétti til menntunar, launa og lífskjara, velferðar og öryggis, sjúkraþjónustu og nú, kannske síðast, fyrir rétti kvenna til að fá frið fyrir áleitni og áreiti karla, nema ef/þegar þær vilji og þeim hentar. MeToo.

Sumt af þessu virkar reyndar skrýtið, annað yfirkeyrt.

Lögmál frumskógarins
Í harðri samkeppni um réttindi, velferð og völd í þjóðfélaginu gildir oft einfalt lögmál: Þeir sterku verða ofan á og þeir veiku, þeir sem minna mega sín, verða undir.

Ellin laskað skeið
Þegar menn eldast og horfa upp á aldurinn, með öllu því, sem honum fylgir, færast yfir sjálfa sig, ættingja, vini og aðra samferðamenn, opnast augun fyrir því, að ellin er laskað lífsskeið fyrir flestum.

Staðan verður auðvitað verst, ef heilsa og geta, ekki sízt sú andlega, bila. Hvernig eiga menn þá að bjarga sér í gegnum þann brimgarð kvaða og skyldna, sem þjóðfélagið leggur þeim á herðar?

Á síðustu árum hefur undirritaður horft upp á það, hvernig eldri borgarar hafa, hvað eftir annað, setið eftir, þegar þeim fjármunum, sem þjóðfélagið hefur til skiptanna, hefur verið útdeilt.

Réttur hins sterka
Hér kemur auðvitað að því, sem áður var nefnt; rétti hins sterka. Yngri kynslóðir virðast jafnan hafa tilhneigingu til að skammta sér fyrst. Fatlaðir, sjúkir og aldnir koma svo aftar á merinni.

Framlag eldri borgara grundvöllurinn
Ef menn fara um stræti og torg þorpa og bæja, eða um sveitir landsins, vítt og breitt, blasa við innviðir – margvísleg verk manna og mannvirki; vegir, brýr, hafnir, flugvellir, virkjanir, gróðursvæði og skógar, skólar, sjúkrahús og byggingar hvers konar – sem yngri kynslóðirnar, ráðandi kynslóðir, nota sér og nýta til síns lífs og athafna.

Að verulegu leyti eru það eldri borgararnir, 70 ára og eldri, sem lögðu alla þessa innviði af mörkum, gerðu yngri kynslóðunum fært að njóta lífsins í þeim mæli, sem þeir gera, með löngu og miklu vinnuframlagi, útsjónarsemi og úrræðum, svo og sínum skattagreiðslum. Lögðu grundvöllinn.

Skuld greidd
Mat undirritaðs er, að eldri borgarar hafi þá þegar jafnað skyldur sínar og skuld við samfélagið, eftir 50 ára vinnu- og skattaframlag, og, að tími sé til kominn, þegar menn verða 70 til 75 ára, að þeir fái frið fyrir fjárhagslegri kröfugerð og framlagi til samfélagsins.

Ég vil leggja fyrir þá hugmynd og tillögu, að frá 70 ára aldri lækki skattar og skyldur til þjóðfélagsins um 20% á ári, þannig, að, þegar 75 ára aldri er náð, verði skattaskyldur við þjóðfélagið komnar niður á núll. Fyrir alla. Menn greiði þó áfram fjármagnstekjuskatt; af vaxtatekjum, arði af verðbréfum, leigu o.s.frv.

> Á síðustu árum hefur undirritaður horft upp á það, hvernig eldri borgarar hafa, hvað eftir annað, setið eftir, þegar þeim fjármunum, sem þjóðfélagið hefur til skiptanna, hefur verið útdeilt.

Betra líf og örvun hagkerfisins
Ætla má, að allir eldri borgarar, sem vettlingi geta valdið, myndu nýta aukin fjárráð til eyðslu og neyzlu – flestir vita, að þeir fara ekki með neitt með sér – og myndi niðurfelling beinna skatta á 70 ára og eldri, skila sér í aukinni neyzlu, sem um leið þýddi ákveðna viðbótargrósku fyrir efnahagslífið.

Líka má ætla, að betra líf myndi bæta líðan og heilsufar.

Jöfnun tekjumissis hins opinbera
Í næstu grein, mun ég fjalla um tekjumissi ríkis og sveita við skattleysi eldri borgara og leiðir til jöfnunar. ■

Að hafa val um starfslok

Kolbrún Baldursdóttir
oddviti Flokks fólksins í borgarstjórn Reykjavíkur

Heilbrigðisráðherra vill nú leggja fram frumvarp um að hækka hámarksaldur opinberra heilbrigðisstarfsmanna í 75 ár til samræmis við þá sem eru sjálfstætt starfandi. Frumvarpið er lagt fram af neyð, vegna alvarlegs ástands í heilbrigðismálum. Þetta hefur verið umdeilt og hefur ýmsum sjónarmiðum verið haldið á lofti.

Flokkur fólksins lagði fram tillögu í borgarstjórn árið 2019 um sveigjanleg starfslok. Eldra fólk og öryrkjar sem treysta sér til að vera á vinnumarkaði eiga að geta það án skerðinga. Flokkur fólksins lagði aftur fram tillögu nú á nýju kjörtímabili um að leitað verði leiða til að bjóða eldri borgurum upp á sveigjanlegri vinnulok. Tillagan nær til allra eldri borgara sem starfa á vegum Reykjavíkurborgar en nú er fólki gert að hætta störfum við sjötugsaldur, hvort sem því líkar það betur eða verr.

Lengi hefur það gilt að opinberir starfsmenn láti af störfum sjötugir að aldri, sama á hvaða sviði þeir eru. Reykjavíkurborg getur tekið ákvörðun um sveigjanleg starfslok sé áhugi fyrir því. Hér er um pólitíska ákvörðun að ræða. Ýmist gæti viðkomandi haldið áfram vinnu á starfssamningi sínum eða gert nýjan og að sjálfsögðu njóta sömu kjara og áður.

Við í Flokki fólksins fögnum vissulega hverju skrefi í átt til réttlætis svo sem að eldra fólk ráði því sjálft hvenær það fari af vinnumarkaði og geti það án skerðinga. Sveitarfélagi er ekki skylt að fylgja almannatryggingalögum þegar kemur að skerðingum og getur því bætt kjör þessa hóps með því að taka sjálfstæða ákvörðun í þeim efnum. Borgaryfirvöld geta með virkum hætti stuðlað að sveigjanleika. Árið 2016 kom út skýrsla í tengslum við aldursvænar borgir og þá voru lagðar til ýmsar leiðir að sveigjanlegum starfslokum. Ein tillagan var um atvinnuþátttöku eldri borgara, þ.m.t. að skoða leiðir til að Reykjavíkurborg bjóði upp á meiri sveigjanleika í starfslokum starfsmanna sinna. Vegferð sem hófst fyrir meira en sex árum er enn á byrjunarreit hjá síðasta og núverandi borgarmeirihluta. Vel kann að vera að eitthvað sé í farvatninu en engar upplýsingar fást.

Burt með girðingar
Það eru mannréttindi að geta tekið ákvarðanir um atvinnumál sín eins og annað í lífinu. Mannekla í ákveðnum störfum á ekki að stýra því hvort fólki sé leyft að vinna eins lengi og það langar og getur. Það er missir fyrir samfélagið að sjá á eftir fólki af vinnumarkaði fyrir þær einar sakir að ná sjötugsaldri. Um er að ræða dýrmætan mannauð. Reykjavíkurborg hefur verið óvenju þversum að mati Flokks fólksins þegar kemur að sveigjanlegum vinnulokum. Í stað þess að sjá ávinninginn, svo ekki sé talað um réttlætið í frelsi einstaklings til að vinna eins lengi og hann vill og getur, hefur borgin sett skorður og girðingar. Það helsta sem boðið er upp á nú er heimild til að óska eftir undanþágu til eins árs hverju sinni. Ekki er vitað hversu auðfengin slík undanþága er. Sérstakt leyfi þarf frá borgarstjóra.

> Mannekla í ákveðnum störfum á ekki að stýra því hvort fólki sé leyft að vinna eins lengi og það langar og getur.

Flokkur fólksins segir burt með girðingar og hindranir þegar kemur að aldri og atvinnumálum. Borgin, sem stærst sveitarfélaga, á að vera leiðandi í að afnema eldgömul og úrelt ákvæði. Þvinguð starfslok eru ekki til góðs, valda oft kvíða og þunglyndi meðal eldra fólks. Um er að ræða jafnréttis- og mannréttindamál og frelsi til að velja. ■

Keppt um hylli Helga

Hannes Hólmsteinn Gissurarson
prófessor í stjórnmálafræði

Eitthvað hefur Helga Magnússyni, eiganda Fréttablaðsins, sárnað, að ég skyldi í nýlegri færslu á Snjáldru (Facebook) furða mig á brottrekstri Kolbrúnar Bergþórsdóttur, ritfærasta blaðamannsins þar á bæ, en Helgi hafði skipað fyrir um hann. Kolbrún er of sjálfstæð í skoðunum fyrir hann. Hún er enginn leigupenni. Sigar Helgi nú á mig einum starfsmanni sínum, Ólafi Arnarsyni, sem segir í Fréttablaðinu 16. júlí, að ég hafi verið dæmdur fyrir ritstuld árið 2008. „Öfugt við prófessor Hannes, sem af einhverjum óskiljanlegum ástæðum fékk að halda stöðu sinni við þjóðarháskólann þrátt fyrir ritstuldinn, hefur enginn blaðamanna Fréttablaðsins orðið uppvís að því [að] reyna að stilla fram hugverkum annarra sem sínum eigin."

Rangt farið með mál mitt

Auðvitað fer Ólafur rangt með hið gamla mál mitt. Þótt ekkja Halldórs Laxness hefði sagt opinberlega, að ritverk hans væru þjóðareign, og erfingjar skáldsins haldið því fram við skattyfirvöld, að höfundarréttur hans væri einskis virði og ekki þyrfti þess vegna að greiða af honum erfðaskatt, höfðaði fjölskylda Laxness mál gegn mér fyrir brot á höfundarrétti. Hafði ég í fyrsta bindi ævisögu Laxness nýtt mér minningabækur hans, sem oft voru einu heimildirnar um ævi hans, og getið þess skilmerkilega. Það var hins vegar síður en svo ætlun mín að brjóta höfundarrétt. Eins og Bjarni Þorsteinsson, þáverandi starfsmaður Almenna bókafélagsins, hafði borið vitni um í héraðsdómi, höfðu dætur skáldsins að mínu frumkvæði setið í nær tvo daga á skrifstofu félagsins við að skoða handritið. Ég var sýknaður í héraðsdómi, en gert í Hæstarétti að greiða fjölskyldunni fyrir not mín af verkum skáldsins. Var mér ekki gert að greiða miskabætur eins og sumir aðrir starfsmenn Háskólans hafa þurft að gera í dómsmálum.

Ritstuldur er allt annars eðlis en það brot á höfundarrétti, sem ég var dæmdur fyrir. Í bókinni Hugtökum og heitum í bókmenntafræði skilgreinir dr. Jakob Benediktsson ritstuld svo: „Bein og vísvitandi not á hugverki annars manns án þess að geta heimildar, þannig að höfundur birtir orð eða fræðilegar niðurstöður annarra sem sitt eigið verk." Jakob tekur fram, að það verði hins vegar ekki kallaður ritstuldur, „þótt höfundur noti sér eldri ritverk með því að setja efni þeirra í nýtt samhengi, skapa úr því nýja heildarmynd; það hafa margir höfundar gert allt fram á þennan dag." Hvort tveggja var, að ég gat heimilda og að ég notaði mér eldri ritverk með því að setja efni þeirra í nýtt samhengi, eins og Laxness sjálfur gerði raunar víða í verkum sínum. Geri ég rækilega grein fyrir þessu öllu í ritgerð í Sögu árið 2005.

Klaufaskapur eða refskapur?

Heldur virðist það hins vegar klaufalegt, þegar Ólafur segir, að enginn Fréttablaðsmaður hafi orðið uppvís að því að „reyna að stilla fram hugverkum annarra sem sínum eigin". Sama dag og grein Ólafs birtist flutti Morgunblaðið frétt af því, að ritstjóri Fréttablaðsins, Sigmundur Ernir Rúnarsson, hefði í gamalli grein birt undir eigin nafni langar klausur orðréttar úr ritgerð eftir Tómas Guðmundsson um Kristján fjallaskáld án þess að geta Tómasar í nokkru. Var þessu veitt athygli, þegar hin gamla grein Sigmundar Ernis var endurprentuð fyrir skömmu í tímaritinu Heima er best. Var hér um greinilegan og grófan ritstuld ritstjórans að ræða.

Líklega er þó refskapur hér á ferð frekar en klaufaskapur. Ólafur hefur vitað af hinum grófa ritstuldi ritstjórans og þess vegna tekið svo afdráttarlaust til orða. Hann beinir kastljósinu vísvitandi að Sigmundi Erni með tali sínu um, að menn eigi ekki að halda stöðum sínum, gerist þeir sekir um ritstuld. Hann reynir að grafa undan honum í því skyni að taka sjálfur sæti hans. Í keppninni um hylli Helga Magnússonar svífast leigupennarnir einskis. ■

ATHUGASEMD FRÁ RITSTJÓRA

Enn skal áréttað að umrædd blaðaskrif fyrir 40 árum sem greinarhöfundur vitnar til voru samantekt eins og rækilega kom fram í lok greinarinnar. Greinarhöfundur kýs að taka það ekki fram – og er það sannarlega að vonum. ■

Um kolefnislosun, orkuskipti og rammaáætlun

Ari Trausti Guðmundsson
fyrrverandi þingmaður og einn þriggja höfunda stöðuskýrslunnar

Bregðast verður við grein eftir fulltrúa Landverndar og Ungra umhverfissinna í Fréttablaðinu (29.06), þótt seint sé.

Í stöðuskýrslu um stöðu og áskoranir í orkumálum frá 1. mars sl. (stundum kölluð grænbók) var gerð grein fyrir öllum sviðsmyndum, sem til voru þá, um orkuskipti. Líka sviðsmynd þriggja náttúruverndarsamtaka. Sex sviðsmyndir spanna allt frá litlum orkuskiptum til fullra orkuskipta. Þau miða að því að fasa út yfir einni milljón tonnum af olíu, bensíni og steinolíu. Það þarf mikið rafafl, mun meira en nokkur hundruð megawött sem ná má með orkusparnaði, glatvarma stóriðju, fráhvarfi bitcoin-samninga, auknu rennsli jökulvatna eða betri varmanýtingu í núverandi orkuverum. Til þess þarf sambland vatnsorku, jarðvarma og vindafls umfram það sem fengist með fyrrgreindum hætti. Þverpólitísk orkustefna frá 2020 byggir á sjálfbærni og síendurskoðuðum markmiðum loftslagsstefnu. Niðurstaða skýrslunnar eru 30 ábendingar um brýn verkefni til stjórnvalda, m.a. um mikilvægi hringrásarhagkerfis.

Sviðmyndir orkuskipta gera ráð fyrir allt frá litlum vexti/breytingum í hagkerfinu til mikillar uppbyggingar græns iðnaðar, nýsköpunar, sjávartengds iðnaðar og landbúnaðar með óvissu langtíma mati á orkuþörf. Í skýrslunni er einnig fjallað um þann möguleika að einhver stór málmiðjuver hætti starfsemi og orka losni þar til fullra orkuskipta. Samtímis er bent á að lítill pólitískur vilji er til að segja upp samningum við þau. Ég get giskað á að það sé m.a. vegna stærðar þeirra í hagkerfinu, afleiddrar starfsemi og þess að álverin stefna að niðurdælingu koldíoxíðs og jafnvel kolefnislausum rafskautum. Nýjasta skrefið gæti verið varmaframleiðsla með vatni og bráðnu áli er breytir málminum í súrál sem nota má aftur.

Sviðsmyndir fullra orkuskipta eru gróflega degnar upp vegna þess að átján ár eru til stefnu miðað við sett markmið 2040. Á næstu árum breytir tækniþróun orkuskipta, einkum á sjó og í lofti, auðvitað miklu um framfarir og eftirspurn eftir raforku. Hitt er um leið augljóst að heildarlosun Íslands, að frátaldri losun frá uppþurrkuðu, breyttu og illa förnu landi, nemur eftir sem áður 4 til 5 milljónum tonna af kolefnisígildum. Losun í bílasamgöngum (þar er árangur þegar nokkur), frá vinnutækjum, í sjávarútvegi (þar er árangur þegar nokkur), landbúnaði, o.fl. greinum minnkar enn of hægt, miðað við Parísarsamkomulagið 2030. Flug og siglingar milli landa og orkufrekur iðnaður lúta ytri kvótakerfum. Þar er of hæg þróun á okkar könnu.

Full orkuskipti ná til allrar losunar úr jarðefnaeldsneytisvélum í íslenskri notkun. Það samsvarar varla 12% losunar Íslands, eins og segir í greininni. Sú tala gæti átt við öku- og vinnutæki á landi. Losun frá rúmlega 1.000.000 tonnum af jarðefnaeldsneyti á ári, í lofti, á sjó og landi er miklu hærra hlutfall heildarlosunar en 12%. Samtímis er líka tekist á við kolefnislosun úr lausum, þurrum, votum og skemmdum jarðvegi og sífrera (alls milljónir tonna á ári), en sú barátta er löng og ströng.

Töluvert er fjallað um rammaáætlun í skýrslunni. Lögin eru eina nothæfa, sýnilega verkfærið til þess að tryggja sem mesta sátt um heildarskipulag raforkuframleiðslu í meðförum faghópa, almennings og Alþingis. Á það hefur reynt árum saman. Frá 2010 að telja hafa komið nýjar breytur í orkumál og rammaáætlun: Breytt loftslagsmarkmið, full orkuskipti, möguleg vindorka og tillögur um að lækka aflviðmið virkjana og loks að tekið skuli tillit til allra þriggja þátta sjálfbærni. Það merkir að endurmeta ber náttúruþáttinn í ljósi þróunar t.d. umhverfis- og ferðamála. Enn fremur að draga skuli samfélagsþáttinn betur inn í mat ásamt efnahagslega þættinum. Biðflokkurinn er stór vegna þess að í honum eru virkjanakostir sem samkomulag er um að endurskoða. Ný verkefnisstjórn er tekin við og vinnur faglega eins og hinar. Það er ekki ósigur náttúruverndar, sem er önnur grunnundirstaða samfélagsins, að færa kosti inn eða úr flokknum. Eða vega þá að nýju með víðtækari eða breyttum forsendum sjálfbærni en lengst af var gert, þ.e. á meðan umhverfisviðmið voru fyrst og fremst höfð til hliðsjónar. Hin grunnundirstaða samfélagsins eru náttúrunytjar sem eru ekki sjálfvirkt og fyrirfram samnefndar eyðileggingu náttúrunnar. Á milli þessara tveggja undirstaða þarf að vera jafnvægi og um þær sæmileg sátt í landinu. Einnig um að beita sjálfbærni sem leiðarljósi við náttúrunytjar. Það snertir eðlilega alla náttúruvernd og fyrrnefnt jafnvægi. ■

> Biðflokkurinn er stór vegna þess að í honum eru virkjanakostir sem samkomulag er um að endurskoða.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 27. júlí 2022

Barbie-heimurinn er orðinn að safni í Kanada. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Í heimsókn á heimili Barbie

elin@frettabladid.is

Mest selda dúkkan fær eigin sýningu. Það er ekki bara kvikmynd væntanleg um Barbie heldur hefur einnig verið sett upp safn henni til heiðurs. Sýningin var opnuð fyrir nokkrum dögum í Mississauga í Kanada, sem er nálægt Toronto, á þrjátíu þúsund fermetra svæði. Sýningin heitir World of Barbie og mun seinna ferðast um Norður-Ameríku.

Á sýningunni munu aðdáendur Barbie geta upplifað heim hennar í raunstærð. Hægt er að rölta um Barbie-hverfið og fara í heimsókn í húsið hennar. Framleiðandi Barbie, Mattel, stendur á bak við sýninguna ásamt fleirum. Barbie var fyrst kynnt til sögunnar árið 1959 svo aðstandendur sýningarinnar telja að fólk á öllum aldri muni koma og líta á heim hennar eigin augum.

Litríkur heimur

Sýningin endurspeglar litríkan lífsstíl Barbie á stórbrotinn hátt. Þarna er endurskapaður heimur sem svo margir þekkja, jafnt húsgögn, bílar og fleira það sem börn hafa einungis kynnst sem leikföngum. Gestir fá alls kyns upplýsingar um hönnun og sögu Barbie í gegnum gagnvirkan miðil. Þess má geta að Barbie hefur verið framleidd í um 250 mismunandi störfum. Sýningin hefur vakið athygli en hún mun án efa vekja eftirvæntingu fyrir bíómyndinni um Barbie sem frumsýnd verður á næsta ári með þeim Margot Robbie sem Barbie og Ryan Gosling sem Ken. ■

BÄSTA I TEST
Bäst-i-Test 2022

Fæst í Apótekum, Hagkaup, Fríhöfninni og víðar | nánar á evy.is og celsus.is

Birgir Ómarsson, formaður Íslenska frisbígolfsambandsins, segir að íþróttin hafi vaxið hratt á Íslandi, sérstaklega eftir að settur var upp völlur á Klambratúni fyrir rúmum áratug. Samkvæmt könnun Gallup hafa 52 prósent Íslendinga á aldrinum 18 til 25 ára prófað íþróttina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skemmtileg og einföld íþrótt sem hentar öllum

Íslenska frisbígolfsambandið hefur kynnt frisbígolf af krafti og fengið bæjarfélög um allt land til að byggja velli. Íþróttin er aðgengileg og nýtur sívaxandi vinsælda, sérstaklega hjá ungu fólki, en í dag er fjöldi móta haldinn á hverju ári og starf sambandsins verður sífellt öflugra. 2

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr
@frettabladid.is

Birgir Ómarsson, formaður Íslenska frisbígolfsambandsins, kynntist frisbígolfi í Bandaríkjunum á yngri árum. „Ég var í námi í grafískri hönnun í Bandaríkjunum árið 1995 og þar var íþróttin kynnt fyrir mér," segir hann. „Svo þegar ég flutti heim árið 1998 komst ég að því að það var enginn frisbígolfvöllur á Íslandi svo mig langaði að bæta úr því. Í gegnum tengsl við skátahreyfinguna tókst mér svo að fá fyrsta völlinn settan upp á Úlfljótsvatni árið 2003 og hægt og rólega hefur þeim fjölgað síðan.

Árið 2011 settum við upp völl á Klambratúni, þann fyrsta sem var í almenningsgarði og í alfaraleið. Það var sjötti völlurinn, en núna, 10 árum síðar, eru þeir orðnir 92. Þannig að þessi völlur opnaði þetta sport eiginlega alveg á Íslandi," segir Birgir. „Við erum með flesta velli í heimi miðað við höfðatölu og þetta er orðið ótrúlega vinsæl íþrótt. Gallup gerði könnun fyrir okkur í fyrra og þá kom í ljós að 55 þúsund Íslendingar höfðu prófað frisbígolf, sem er eiginlega alveg galið miðað við mannfjölda. Íþróttin er sérstaklega vinsæl í aldursflokknum 18 til 25 ára, en þar höfðu 52 prósent prófað þetta og hlutfallið var 45 prósent í aldursflokknum 18 til 35 ára. Það er gaman að sjá að unga fólkið hefur tekið ástfóstri við þetta."

Einfalt, ódýrt og aðgengilegt

„Frisbígolf, eða folf, er ótrúlega skemmtilegur og einfaldur leikur. Nánast allir geta kastað frisbídisk og reglurnar eru einfaldar, en allir sem hafa farið í mínígolf þekkja þær," segir Birgir. „Þetta snýst bara um að fara brautina í sem fæstum köstum og í lokin þarf að hitta ofan í körfu. Fólk er mjög fljótt að ná tökum á þessu og það eina sem þarf er einn diskur.

Þetta er einfalt, ódýrt, diskurinn tekur lítið pláss og það kostar ekkert inn á vellina. Þetta er líka frábært fjölskyldusport og það er vinsælt á fjölskylduferðalögum að hafa disk í skottinu og koma við á völlunum," segir Birgir. „Þetta er ágæt hreyfing, það geta allir verið með og það er hægt að byrja á þessu á hvaða aldri sem er."

Öflug þátttaka í öllum veðrum

Birgir hefur verið formaður Íslenska frísbígolfsambandsins frá því að það var stofnað árið 2005, en á þeim tíma hafa tíu frisbígolffélög verið stofnuð víða um land.

„Það hefur enginn annar sóst eftir embættinu og þess vegna hef ég setið áfram," segir hann. „Uppbyggingin hefur líka gengið mjög vel. Við höldum yfir 100 mót á hverju ári og hittumst þrisvar í viku og þátttakan er afar góð, meira að segja yfir veturinn. Það er gríðarlega öflugur hópur sem tekur þátt og lætur veðrið ekki aftra sér. Við höfum það sem mottó að fresta aldrei móti vegna veðurs og það er hægt að spila í öllum veðrum. Það þarf bara að nota sérstaka diska ef það er brjálað veður. Það er kannski meira gaman að spila í sumri og sól en það er líka mjög gaman í snjóbyl."

Birgir segir að það sé komið upp öflugt starf í kringum frisbígolf og að ungt fólk hafi tekið miklu ástfóstri við íþróttina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Auðvelt að sannfæra bæjarfélög

Birgir segir að það sé gott fyrir íþróttina að hafa ákveðin formlegheit og það henti betur þegar Íslandsmótin eru haldin, en þau hafa verið á hverju ári.

„Það er líka einfaldara að vera tekinn alvarlega og fá fundi þegar ég hef samband við bæjarfélög sem formaður Íslenska frisbígolfsambandsins en bara Biggi frisbígolfáhugamaður úti í bæ. Ég hef stundum grínast með það að ég vinn í markaðsmálum sem grafískur hönnuður og að hlutverk mitt sem formaður sé í rauninni bara markaðssetning," segir hann. „En það að kynna frisbígolf er auðvitað bara frábært lýðheilsuverkefni og það er ekki erfitt að sannfæra bæjarfélög um að setja upp velli. Ég hef verið duglegur að banka upp á hjá þeim og mér hefur verið tekið mjög vel. Fyrir vikið hafa orðið til 10 til 15 nýir vellir á hverju ári síðustu 3 til 5 ár.

Öll bæjarfélög þurfa sundlaug, kirkjukór, gönguleiðir og annað til að fólki líði vel þar og fólk hefur séð að þetta er góð viðbót við flóruna," segir Birgir. „Frisbígolfvellir eru líka einfaldir og ódýrir og það þarf engar landbreytingar og það er lítið viðhald. Það kostar ekki nema 1,5 milljónir að setja upp völl, sem er mjög ódýrt í samhengi við mörg önnur verkefni bæjarfélaga. Svo er stór hópur sem getur notað þetta, allt árið um kring.

Það hefur líka orðið rosaleg heilsuvakning og mörg bæjarfélög eru skráð sem heilsueflandi bæjarfélög hjá Landlækni. Þá þarf að setja upp aðstöðu og um leið og þú setur hana upp kemur fólk og fer að nota hana," segir Birgir. „Covid hjálpaði líka mikið, það lokaði svo margt en það var enn hægt að fara út að leika sér og frisbígolf var eitt af því sem fólk gat haldið áfram að stunda, svo þá kynntust margir þessu.

> **Þetta er einfalt, ódýrt, diskurinn tekur lítið pláss og það kostar ekkert inn á vellina. Þetta er líka frábært fjölskyldusport.**
>
> Birgir Ómarsson

Það er líka margt ungt fólk sem er hrifið af tölvuleikjum sem kann að meta frisbígolf og það að setja upp velli er eitt af því sem sveitarfélög hafa séð sem leið til að fá krakkana frá skjánum," segir Birgir. „Ef það er eitthvað skemmtilegt að gera, þá drífa þau sig út.

Við höfum sett upp heilsársvelli á gervigrasi sem eru reistir upp svo þeir haldast þurrari í bleytu og standa upp úr klakanum á veturna, sem gerir upplifunina ánægjulegri. Við höfum líka verið að bæta vellina sem eru til staðar og í sumar opnuðum við einn flottasta völlinn á landinu í Grafarholti," segir Birgir. „Hann fór úr 9 brautum í 18 og var lagaður til, svo þetta er orðið glæsilegt mannvirki. Við settum líka upp „driving range" þar sem fólk getur æft sig í að kasta á opnu svæði. Það er stanslaus traffík á þann völl og það er alltaf einhver að æfa sig þarna. Það sama gildir um alla vinsælu vellina, það er spilað á þeim frá morgni til kvöld á hverjum degi ársins."

Öflugur hópur keppenda

„Íslandsmeistarinn okkar, Blær Örn Ásgeirsson, er ótrúlega frambærilegur á erlendum mælikvarða. Hann hefur unnið nokkur mót erlendis og um síðustu helgi var hann einmitt að spila á European Open, risastóru móti í Finnlandi. Hann er bara 19 ára og alltaf að bæta sig," segir Birgir. „Við erum líka með hóp annarra mjög öflugra spilara. Sem dæmi er einn 10 ára sem var að keppa á heimsmeistaramótinu í Bandaríkjunum fyrir þremur vikum og hann vann lengdarkeppni í sínum flokki. Hann er gríðarlegt efni.

Ég held að það séu um 100 manns sem hafa farið út að keppa í sumar, þetta er ótrúlega öflugur hópur og það er mikill áhugi til staðar. Blær setur standardinn dálítið hérna heima, hann vinnur eiginlega öll mót sem hann tekur þátt í hérna heima, svo menn læra af honum og vilja bæta sig," segir Birgir. „Við verðum með Íslandsmót eftir mánuð og ég held að hann þurfi að hafa dálítið fyrir því að vinna núna í ár, það eru margir sem ætla sér að sigra."

Efla starfið og vilja stórt mót

„Í framtíðinni ætlum við svo bara að þétta raðirnar og gera vellina betri og fleiri. Við erum með þrjá alvöru keppnisvelli og það er í kortunum að fjölga þeim," segir Birgir.

„Við erum líka spennt fyrir því að efla barna- og unglingastarfið. Við héldum Íslandsmót barna í fyrsta sinn í sumar og vorum með hátt í 40 keppendur," segir Birgir. „Við viljum líka efla kvennastarfið. Það eru tvær konur í fimm manna stjórn sambandsins og þær eru staðráðnar í að fjölga konunum í íþróttinni. Konur eru farnar að spila meira en keppa lítið.

Á næstu 2 til 3 árum langar okkur líka að halda stórt alþjóðlegt frisbígolfmót. Í síðustu viku hélt Ricky Wysocki námskeið, en hann er tvöfaldur heimsmeistari, og á föstudaginn kemur einn öflugasti og skemmtilegasti keppandinn, Eagle McMahon, í heimsókn. Þessir strákar eru að hjálpa okkur að undirbúa að halda stórt mót," segir Birgir. „Það eru líka miklir peningar í þessari íþrótt og ungu keppendurna okkar langar að geta lifað á þessu."

Að lokum vill Birgir hvetja alla sem hafa ekki prófað frisbígolf til að drífa sig af stað. „Það þekkja orðið allir einhvern sem á diska og ég hvet alla að prófa og sjá hvort þetta sé ekki sport fyrir þau," segir hann. ■

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf

Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Kemur ró á ristilinn

Hrafnhildur Hákonardóttir, sem hefur starfað sem einkaþjálfari hjá World Class í um 18 ár, þjáðist af ristilvandamálum og bakflæði í áratugi vegna meðgönguógleði sem orsakaði sjö mánaða uppköst. En magnesíum með fjallagrösum frá ICEHERBS hefur hjálpað henni mikið við að koma jafnvægi á meltinguna.

Hrafnhildur fór í ristilspeglun vegna óþæginda í ristli og meltingarvandamála fyrir fjórum árum. „Ristillinn hafði verið til trafala í 25 ár frá því ég var ólétt, en á meðgöngunni ældi ég daglega í um sjö mánuði," segir hún. „Eins eðlilegur hlutur og óléttan er fyrir kvenlíkamann eru sjö mánuðir af uppköstum náttúrlega ekkert grín fyrir líkamsstarfsemina. Ég hlaut af þessu varanlegar skemmdir á vélinda sem orsaka bakflæði. Þetta hafði líka slæm áhrif á ristilinn, sem varð til þess að ég fór að finna fyrir verkjum í baki og öllum líkamanum. Ég tók því lengi inn ýmis magalyf og hef þurft að passa hvað ég borða af hveiti- og mjólkurvörum, en það tók mig reyndar nokkur ár að átta mig á því hvað þessar matartegundir færu illa í mig."

Aldrei liðið betur

„Mér var ráðlagt að taka inn magnesíum til þess að koma jafnvægi á meltinguna og róa ristilinn og prófaði nokkrar tegundir, en þær hentuðu mér ekki. Til allrar hamingju var mér svo bent á magnesíum með fjallagrösum frá ICEHERBS, en fjallagrös eru mjög mýkjandi," segir Hrafnhildur. „Nú hef ég tekið magnesíumblönduna í fjögur ár og aldrei liðið betur. Ég er komin með sléttan maga og meltingin er komin í stakasta lag.

Með því að taka reglulega inn magnesíum með fjallagrösum get ég jafnvel leyft mér að svindla, því ég veit fátt betra en að geta fengið mér pasta og hvítlauksbrauð á góðum degi," viðurkennir Hrafnhildur. „Við bakflæðinu tek ég líka hóstamixtúru með fjallagrösum frá ICEHERBS. Mixtúran er bragðgóð og mjúk í hálsi og hjálpar mér að sofa eins og engill."

Einstök samvinna innihaldsefna

Magnesíumskortur er eitt stærsta lýðheilsuvandamál nútímans, en það er eitt af mikilvægustu steinefnum líkamans og kemur við sögu í yfir 300 efnaskiptum, allt frá slökun vöðva- og taugakerfisins og virkni hjarta- og æðakerfisins yfir í upptöku steinefna. Magnesíumblandan frá ICEHERBS er einstök á heimsvísu, en hún inniheldur bæði magnesíum sítrat og handtínd íslensk fjallagrös. Þessi innihaldsefni virka saman á einstakan hátt. Fjallagrösin mýkja meltinguna og magnesíum eykur upptöku á steinefnum úr fjallagrösunum.

Magnesíum sítrat er eitt fárra bætiefna sem er gott að taka inn að staðaldri, því það er mjög erfitt að fá nægt magnesíum úr fæðunni. Það er líka mælt með að þeir sem stunda líkamsrækt taki magnesíum reglulega.

Magnesíum með fjallagrösum frá ICEHERBS hefur hjálpað Hrafnhildi Hákonardóttur mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Bætir líkamsstarfsemi á marga vegu

Magnesíum stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og er talið bæta gæði svefns og draga úr fótapirringi og sinadrætti. Það stuðlar líka að því að draga úr þreytu og lúa.

Magnesíum er einnig notað í meðhöndlun meltingarvandamála. Það eykur vatnsinntöku í meltingarkerfið, sem auðveldar líkamanum að melta og losa hægðir.

Þá er magnesíum einnig hreinsandi og hefur þannig góð áhrif á ristilinn. Síðast en ekki síst stuðlar það að eðlilegri starfsemi taugakerfisins.

Fjallagrös í notkun öldum saman

Íslensk fjallagrös hafa verið notuð öldum saman sem heilsujurt. Þau eru rík af steinefnum, stuðla að heilbrigðri þarmaflóru, eru vatnslosandi og minnka bjúg. Fjallagrös innihalda einnig trefjar sem mynda mýkjandi himnu á slímhúð í maga, sem bætir og mýkir meltinguna.

Neytendavæn náttúruleg afurð

Markmið ICEHERBS er að nýta náttúruauðlindir sem tengjast íslenskri hefð og sögu og vinna þær í hreina og neytendavæna vöru fyrir viðskiptavini. „Við leggjum áherslu á að framleiða hrein og náttúruleg bætiefni sem byggja á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda," segir Katrín Amni Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri ICEHERBS. „Við viljum að vörurnar okkar nýtist viðskiptavinum okkar, að virkni skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar efnanna viðhaldi sér að fullu. Við notum heldur engin óþörf fylliefni." ■

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum.
Sjá nánar á www.iceherbs.is.

Óttinn við myrkrið er yfirstíganlegur

Nú fer brátt að dimma aftur á kvöldin. Mörgum finnst það notaleg tilhugsun en sumt fólk kvíðir myrkrinu og skammdeginu. Sérstaklega á þetta við þau sem glíma við myrkfælni.

sandragudrun@frettabladid.is

Myrkfælni er algeng hjá börnum og oftast eldist hún af fólki, en þó ekki alltaf. Sumt fólk losnar aldrei við myrkfælnina og hún getur orðið það slæm að hún hefur verulega hamlandi áhrif á líf þess.

Vísindamenn hafa komist að því að myrkur skapar hrollvekjandi viðbrögð í heilanum, þau valda því að heilinn losar efni sem auka kvíða. Sumt fólk getur sefað þennan aukna kvíða, en ekki allt. Þess í stað eykst kvíðinn og verður að gríðarlegum óttа.

Óttinn getur orðið það lamandi að þau sem eru haldin honum neita að fara út á kvöldin. Þau gætu jafnvel forðast að fara í kvikmyndahús, á heimili annarra eða svæði þar sem þau gætu upplifað myrkur vegna þess kvíða sem myrkrið veldur.

Það getur verið erfitt að greina á milli lítils háttar hræðslu við myrkur og alvarlegrar myrkfælni. Sum einkenni alvarlegrar myrkfælni eru ýkt hræðsluviðbrögð við myrkri eins og kvíðaköst, að forðast félagslegar aðstæður vegna óttа við myrkur og svefnleysi.

Lítil rannsókn frá árinu 2014, á yfir 100 þátttakendum, leiddi í ljós að fólk sem sagðist sofa illa leið oft illa í myrkri og var líklegra til að verða skelfingu lostið þegar það svaf í myrkri. Sumt fólk sem haldið er myrkfælni finnur fyrir meiri kvíða í kringum háttatíma þegar það veit að kvöldið og myrkrið nálgast.

Vísindamenn hafa komist að því að myrkur skapar hrollvekjandi viðbrögð í heilanum, þau valda því að heilinn losar efni sem auka kvíða. Sumt fólk getur sefað þennan aukna kvíða en hjá öðrum eykst hann bara. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ástæður myrkfælni

Auk þekktra breytinga á heilastarfsemi sem eiga sér stað þegar skortur er á ljósi, eins og aukinn kvíði, getur myrkfælni tengst óttа við ofbeldi. Fólk upplifir oft aukinn óttа þegar það er staðsett í dimmum eða skuggalegum rýmum. Þegar einstaklingur getur ekki séð vegna myrkurs, byrjar hann oft að ímynda sér eða óttast ógnir sem bíða hans.

Sérfræðingar telja að myrkur skerpi einnig önnur skilningarvit fólks. Þegar einstaklingur getur ekki séð upptök hávaða eða hreyfingar er hann líklegri til að upplifa mikinn óttа þegar hann heyrir eða skynjar eitthvað. Stundum veit fólk ekki hvers vegna myrkrið hefur svona mikil áhrif á það. Fyrir sumt fólk er myrkfælni lærð hegðun, en hjá öðru hefur hún verið til staðar eins lengi og það man eftir sér.

Hvað er til ráða?

Það er ýmislegt hægt að gera til að meðhöndla myrkfælni, stundum er hægt að ráða bót á henni sjálf en í sumum tilfellum þarf að leita til sérfræðings.

Myrkfælni getur haft hamlandi áhrif á líf fólks og valdið lamandi óttа.

Hér eru nokkrar leiðir til að prófa að draga úr myrkfælni:

- Velja setningu til að segja við sig til að draga úr kvíða, til dæmis: „Það er dimmt, en ég er örugg." Að endurtaka setninguna getur valdið því að einstaklingur finnur fyrir minni kvíða.
- Að gera djúpar öndunaræfingar til að hægja á hugsunum og bæta svefninn: Sem dæmi má nefna að vera meðvituð um loftið sem fer inn og út um nefið og einblína á hæga, djúpa öndun.
- Sjá eitthvað jákvætt fyrir sér í myrkrinu: Það gæti til dæmis verið gæludýr sem viðkomandi þykir vænt um eða staður sem viðkomandi hefur gaman af að heimsækja. Að sjá eitthvað jákvætt fyrir sér getur hjálpað einstaklingi að sigrast á neikvæðum tilfinningum gagnvart myrkrinu.
- Slökunaræfingar: Það getur hjálpað að liggja eða sitja og ímynda sér hluta líkamans slaka á einn af öðrum.

Ef engin af þessum aðferðum virkar þá gæti næsta skref verið að leita sér að faglegri hjálp til að sigrast á óttanum. ■

HEIMILD: MEDICAL NEWS TODAY

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

Bátar

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

AUGLÝSING UM SKIPULAG

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Borgarbyggð.

Deiliskipulag Borgarbraut 55-59

Byggðarráð, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar, samþykkti þann 14. júlí 2022 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgarbraut 55-59 frá árinu 2007 m.s.br. í Borgarnesi.

Breytingartillagan tekur til lóðar nr. 55 þar sem gerð er breyting á byggingarreit og bílastæðum, hámarks hæð, fjölda íbúða og þakhalla. Breytingin er í kjölfar aðalskipulagsbreytingar þar sem nýtingarhlutfall er hækkað úr 0,58 í 0,63.

Ofangreind skipulagsáætlun er aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is frá 27. júlí til og með 25. ágúst 2022. Ef óskað er eftir nánari kynningu á ofangreindri áætlun þarf að panta tíma hjá skipulagsfulltrúa.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við auglýsta skipulagstillögu og er frestur til að skila inn athugasemdum til 25. ágúst 2022. Athugasemdum skal skila skriflega í Ráðhús Borgarbyggðar, Bjarnabraut 8, 310 Borgarnesi, b.t. skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@borgarbyggd.is eða thjonustuver@borgarbyggd.is.

Borgarbyggð, 27. júlí 2022
Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar.

BORGARBYGGÐ

Borgarbraut 55 – Auglýsing um niðurstöðu sveitarstjórnar Borgarbyggðar vegna skipulags

Byggðarráð, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar, samþykkti þann 14. júlí 2022 eftirfarandi tillögu samkvæmt 32. gr. og 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022, Borgarbraut 55 í Borgarbyggð.

Breytingin tekur til hækkaðs nýtingarfalls innan lóðar við Borgarbraut 55 um 0,05 eða úr 0,58 í 0,63. Hækkunin heimilar aukið byggingarmagn um allt að 107 m2 eða úr 1193,6 m2 í 1300 m2. Aukningin er tilkomin vegna stiga og lyftuhúss við áætlað hús á lóðinni. Breytingin er gerð samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan er sett fram á uppdrætti, kort og greinargerð, Aukið nýtingarhlutfall á Borgarbraut 55 | Óveruleg breyting á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 dags. 27.06.2022.

Aðalskipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun sem sér um lokaafgreiðslu erindisins.

Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillögunar og niðurstöðu sveitarstjórnar geta snúið sér til skipulags- og byggingardeildar Borgarbyggðar, Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.

Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu Borgarbyggðar á www.borgarbyggd.is

Vakin er athygli á málskotsrétti samkvæmt 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 en þar kemur fram að stjórnvaldsákvarðanir má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Þeir einir geta kært stjórnvaldsákvarðanir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda þeirri ákvörðun sem kæra á. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu skipulags áætlana í B-deild Stjórnartíðinda.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar

BORGARBYGGÐ

Þjónusta

Garðyrkja

MAH ehf
ALMENN GARÐVINNA OG VIÐHALD
Mah ehf tekur að sér alla almenna garðvinnu og viðhald. Tökum einnig að okkur háþrýstiþvott, helluþrif og Pallaþrif Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Sanngjörn verð, góð samskipti og vönduð vinnubrögð. Hafið samband í 539-5098 eða á mah@mah.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Getum bætt við okkur utan og innanhúss málningarvinnu. runarmurari.is S. 7743800

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Heilsa

Heilsuvörur

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Er ekki best að vanda sig?

Helga Sigrún Harðardóttir
framkvæmdastjóri Staðlaráðs íslands

Á undanförnum árum höfum við ítrekað orðið vitni að mikilli framúrkeyrslu opinberra verkefna, kostnaðarsömum mistökum við framkvæmd þeirra og slakt eftirlit með þeim. Má þar nefna Vaðlaheiðargöngin, Braggann í Nauthólsvík, United Silicon og svo nú nýverið sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka. En hvað veldur? Gerður hefur verið samanburður á lagalegri umgjörð opinberra framkvæmda og stjórnsýslu sem beitt er við ákvarðanatöku og framkvæmd slíkra verkefna, bæði hér á landi og í Noregi. Verulegur munur er á árangri okkar og Norðmanna.

Munurinn liggur í því að Norðmenn hafa lögleitt notkun gæðastjórnunarkerfa til að tryggja vandaða verkefnastjórnsýslu. Stöðluðum, viðurkenndum aðferðum er beitt. Með því eru m.a. gerðar kröfur um óháðar gæðaúttektir á verkefnum og áætlunum um þau og meiri áhersla er lögð á siðferðileg gildi, s.s. gagnsæi og samfélagslega þætti. Það hefur skilað sér í þeim árangri að um 80% opinberra verkefna er lokið innan kostnaðaráætlana.

Þar koma staðlar við sögu sem frábær stjórntæki. Stjórnunarkerfisstaðlar ISO innihalda leiðbeiningar og vottunarhæf viðmið um gæðastjórnun, innri úttektir, gæðamat, áhættumat, eignastjórnun, stjórnun upplýsingaöryggis, umhverfisstjórnun, stjórnun matvælaöryggis, stjórnun heilbrigðis og öryggis á vinnustöðum, leiðbeiningar um samfélagsábyrgð, o.s.frv. Með notkun þeirra nýtum við fjármuni, mannauð og aðrar auðlindir best. Stjórnunarkerfisstaðlar innihalda sammælt viðmið bestu sérfræðinga og notkun þeirra tryggir gæði, virkni, eftirlit, stöðugar umbætur og betri árangur.



> Munurinn liggur í því að Norðmenn hafa lögleitt notkun gæðastjórnunarkerfa til að tryggja vandaða verkefnastjórnsýslu.

Fram undan er mikil innviðauppbygging sem fylgir m.a. átaki við byggingu nýrra íbúða, orkuskiptum og loftslagsmarkmiðum stjórnvalda. Í því felast tækifæri til að gera betur. Miklu betur. Til þess þarf skilning, stuðning og vilja kjörinna fulltrúa og embættismanna ríkis og sveitarfélaga til notkunar staðla við rekstur opinberra verkefna. Það er ekki flóknara en það. Árangurinn mun ekki láta á sér standa.

Við ritun þessarar greinar var m.a. stuðst við niðurstöður úr meistaraprófsritgerð Steinunnar Mörtu Gunnlaugsdóttur í rekstrarverkfræði frá 2019 og meistaraprófsritgerð Erlu Stefánsdóttur í verkefnastjórnun frá 2022. Báðar luku prófi frá Háskólanum í Reykjavík og verk þeirra eru aðgengileg á Skemmunni. ■

Opið bréf til forsætisráðherra og forseta Íslands – Neyðarkall frá Strandveiðifélagi Íslands

Stjórn Strandveiðifélags Íslands
Axel Waltersson
Álfheiður Eymarsdóttir
Gísli Einar Sverrisson
Gísli Páll Guðjónsson
Hjörtur Sævar Steinason
Sigurður Þórðarson
Sigurjón Þórðarson
Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson
Þórólfur Júlían Dagsson

Strandveiðivertíðin hefur aldrei staðið eins stutt og árið 2022. Það verður að tryggja 48 daga á bát.

Við viljum vekja athygli á því að eftir breytingar sem gerðar voru á árinu 2018 á strandveiðikerfinu þá hefur strandveiðiflotinn sl. 2 ár ekki fengið þá 48 daga á veiðum eins og vilji og loforð stjórnvalda stóðu til. Vertíðin sem stendur frá 1. maí til 31. ágúst var stöðvuð 20. ágúst árið 2020 þrátt fyrir að bætt hefði verið smáræði við kvóta.

Vertíðin 2022 var stöðvuð þann 22. júlí sl. þrátt fyrir að smáræði hefði verið bætt við kvóta.

Engir 48 dagar. Í mesta lagi 36 – en enginn bátur náði því vegna brælu, rauðra daga, föstudagsveiðibanns o.fl.

Veiði var stöðvuð áður en vertíð lauk því veiðiheimildir eru svo naumt skornar að þær dugðu ekki. Söknarmark (48 dagar) virkar nefnilega ekki með aflamarki (kvóta). Þú þarft að velja annað hvort. Það er tómt mál um að tala örugga 48 daga með aflamark (kvóta) og stöðvunarheimild sífellt yfirvofandi.

Markmiðin 2018

Markmið breytinganna 2018 voru þessar:

Auka öryggi, koma í veg fyrir ólympískar veiðar og auka nýliðun.

Ólympískar veiðar eru enn til staðar en nú á landsvísu en ekki svæðavísu.

Þegar lítur út fyrir að vertíð ljúki rétt eftir miðjan júlí, byrjun ágúst þá byrjar kapphlaup. Þá byrja ólympískar veiðar og það er róið í vályndum veðrum. Sérstaklega á þeim svæðum þar sem fiskgengd kemur síðast því á þeim svæðum sjá menn fram á að fá nánast ekki neitt.

> Við vísum einnig í þá niðurstöðu Hæstaréttar frá árinu 1998 að fiskveiðistjórnarkerfið eins og það er uppbyggt er andstætt jafnréttisákvæðum stjórnarskrárinnar og ákvæðum um atvinnufrelsi.

Frá 2018 hefur nýliðun verið nánast engin.

Enda er þetta kerfi byggt upp svipað og „Hunger Games“ og enginn vill taka þátt í þeim. Þetta borgar sig engan veginn nema þú sért svo heppinn að eiga bát fyrir.

Áfhrif á sjávarbyggðirnar

Þetta þýðir að á bilinu 6-700 lítilla fjölskyldufyrirtækja sem stunda umhverfisvænstu veiðarnar eru á barmi gjaldþrots, minni umsvif í brothættum sjávarbyggðum um land allt á fiskmörkuðum, fiskvinnslu og afleiddri verslun og þjónustu.

Ísland best í heimi

Þetta skýtur skökku við þegar Íslendingar gorta sig af því á alþjóðavettvangi að hér sé besta fiskveiðistjórnunarkerfi í heimi.

Við erum þvert á móti orðin að athlægi um allan hinn upplýsta heim vegna samþjöppunar, að stórútgerðin fái sérskilgreiningu á tengdum aðilum, að stórútgerðin fái 6 ár til að lagfæra lögbrot um kvótaþak, að togurum og stórum skipum sé leyft að veiða nánast uppi í fjöru víða um land, að við fáum ekki greitt fyrir auðlindir okkar, að rannsóknir á meintum brotum Samherja virðast ganga mjög greiðlega í Namibíu, í Færeyjum og Noregi – en ekki heyrist múkk frá íslenskum rannsóknaraðilum.

Lausnin

Við teljum að fastir 48 dagar per handfærabát sé fyrsta skrefið í að frelsa strandveiðar, auka nýliðun í greininni, koma í veg fyrir ólympískar veiðar og mismunun milli svæða eins og nú er. Þetta voru markmið kerfisins sem sett var á 2018 en hafa ekki verið uppfyllt.

Við áætlum að þetta þýði að hámarki 15.000 tonn á ári í þorski. Stóru skipin þurfa að fara af landgrunninu. Þau þurfa að sætta sig við að fara lengra út og leyfa litlu bátunum að veiða nær landi.

Handfærabátar fá ekki að veiða en togurum er hleypt upp í fjöru sunnan- og vestanlands. Þetta er sjaldséð hjá öðrum fiskveiðiþjóðum og illa farið með viðkvæmt vistkerfi hafsbotnsins. Hjá flestum siðmenntuðum þjóðum eru smábátar á handfærum eingöngu að veiðum innan 12 mílna en stærri skip og bátar lengra úti. Hafrannsóknastofnun rannsakar ekki áhrif veiðarfæra á vistkerfi hafsins en við minnum á að þrátt fyrir ráðgjöf, aflareglur, varúðarreglur og rannsóknir Hafró, er humarinn og fleiri tegundir nær útdauðar á Íslandsmiðum.

Mannréttindabrot

Félagið vísar í álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá því í október 2007 þar sem kemur fram að íslensku lögin um stjórn fiskveiða brjóti í bága við 26. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi um jafnrétti allra manna. Við vísum einnig í þá niðurstöðu Hæstaréttar frá árinu 1998 um að fiskveiðistjórnarkerfið eins og það er uppbyggt er andstætt jafnréttisákvæðum stjórnarskrárinnar og ákvæðum um atvinnufrelsi. Við erum komin í samband við strandveiðifélög áþekk okkar og umhverfissamtök sem við ætlum okkur að starfa með í þessu samhengi. Það er málshöfðun í spilunum.

Matvælaráðherra

Við höfum ekki fengið áheyrn matvælaráðherra. Við fengum fund með starfsfólki ráðuneytis og sættum okkur ekki við það og þráðbáðum um annan fund þegar ráðherra kom úr fríi. Fengum ekki svör. Við báðum um spretthóp en fengum ekki. Við vildum ekki 2,5 milljarða, bara veiða lengur. Fengum smáræðisviðbót og svo þá sprengju í andlitið að hún ætlaði að fara að svæðaskipta næsta ár. Hart í bak. Við fengum fund með Hafró og fengum ágæt svör. Fáum þau skriflega í haust.

Kæri forsætisráðherra og forseti Íslands

Við biðlum til ykkar að beita ykkur af hörku til að verða við þessari sjálfsögðu mannréttindakröfu strandveiðifólks, öruggir 48 dagar á hvern handfærabát á ári án stöðvunarheimildar.

Bætið við fyrir árið 2022 svo bátarnir geti klárað ágúst. Árið þegar verðbólga er í stökkbreytingum upp á við, vextir á uppleið, olíu- og aðfangaverð á uppleið, dýrara og lengri bið eftir varahlutum sem þarf.

Bjargið þessum 700 heimilum til að bjarga sér sjálf. Við viljum veiða, komast af, leggja til samfélagsins og auka útflutningsverðmæti.

Boltinn er hjá stjórnvöldum. ■

Merkisatburðir

1821 Perú fær sjálfstæði frá Spáni.
1895 Vígð brú á Þjórsá við Þjótanda að viðstöddu fjölmenni. Sú brú var notuð í rúmlega hálfa öld.
1896 Tólf læknar og þrír læknanemar sækja fyrsta læknafund á Íslandi, sem haldinn er í Reykjavík og stendur í fjóra daga.
1898 Holdsveikraspítalinn í Laugarnesi, sem Oddfellowreglan í Danmörku gaf Íslendingum, er vígður með viðhöfn.
1957 Vígð kirkja í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd og nefnd Hallgrímskirkja, til minningar um sálmaskáldið og prestinn Hallgrím Pétursson, sem þjónaði þar síðustu áratugi sína í embætti.
1960 Norðurlandaráð heldur þing sitt í fyrsta sinn á Íslandi.
1974 Þjóðhátíð til minningar um 11 alda byggð á Íslandi er haldin á Þingvöllum. Þangað streymdi um fjórðungur þjóðarinnar. Alþingi hélt hátíðarfund og samþykkti ályktun um gróðurvernd og landgræðslu.
1983 Fyrsta breiðskífa Madonnu, Madonna, kemur út.
1985 Íslandsmet sett í fallhlífarstökki á Akureyri er fimm fallhlífarstökkvarar mynduðu stjörnu og héldu henni í 45 sekúndur.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Pálsson

Þverbraut 1, Blönduósi, áður til heimilis við Kálfshamarsvík á Skaga,

lést á HSN Blönduósi laugardaginn 16. júlí. Útför hans fer fram frá Blönduóskirkju laugardaginn 30. júlí kl. 14.00. Hægt verður að nálgast streymi frá útförinni á Facebook síðu Blönduóskirkju.

Alda Dagbjört Friðgeirsdóttir
Guðbjörg Sigurðardóttir **Kristján Þröstur Jónsson**
Gerður Eyrún Sigurðardóttir **Sigurjón Kjartansson**
Heiðdís Björk Sigurðardóttir **Marías Bjarni Viggósson**
Guðný Sigurðardóttir **Kjartan Már Kjartansson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskulegur faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

Kjartan Jónsson

innanhússarkitekt,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans þann 20. júlí síðastliðinn í faðmi dætra sinna. Útför hans fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 28. júlí klukkan 13.

Helga Sjöfn Kjartansdóttir **G. Magni Ágústsson**
Margrét Una Kjartansdóttir **Kristinn J. Magnússon**
Helgi Birgisson **Margrét Agnarsdóttir**
og barnabörn.

†

Ástkær bróðir minn,

Ólafur Þór Friðriksson

verslunarmaður,

áður til heimilis að Krummahólum 6, lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund þann 16. júlí.
Útförin fer fram frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 28. júlí kl. 11.

Páll Friðriksson

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Hólmsteinn Þórarinsson

loftskeytamaður,

lést á HSN á Siglufirði 16. júlí sl.
Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju föstudaginn 29. júlí kl. 13.00.

Jóninna Hólmsteinsdóttir **Grímur Laxdal**
Sigurður Hólmsteinsson **Sigurlaug Þórhallsdóttir**
Díana Hólmsteinsdóttir **Viðar Konráðsson**
Oddný Hólmsteinsdóttir **Markús Ingason**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

Erna fékk ung mikinn áhuga á flugi. MYND/FLUGAKADEMÍA ÍSLANDS

Heiðursathöfn Ernu Hjaltalín

Erna Hjaltalín verður heiðruð á Reykjavíkurflugvelli á fimmtudaginn.

arnartomas@frettabladid.is

Á fimmtudaginn stendur Flugakademía Íslands fyrir athöfn á Reykjavíkurflugvelli þar sem Erna Hjaltalín verður heiðruð. Erna var mikill frumkvöðull í íslenskri flugsögu og varð fyrsta konan til að taka einkaflugmannspróf, atvinnuflugmannspróf og öðlast réttindi sem loftsiglingafræðingur.

Erna fæddist 12. mars 1932, dóttir Svönu og Steindórs Hjaltalíns, sem var mikill flugáhugamaður. Hún fékk fljótt mikinn áhuga á flugi og hóf sextán ára gömul formlegt flugnám. Að loknu einkaflugmannsprófi, á 18 ára afmælisdegi sínum, eignaðist hún sína eigin eins hreyfils Piper Club.

Allir samnemendur Ernu voru karlmenn og fengu fastráðningu hjá Loftleiðum að loknu atvinnuflugmannsprófi. Erna fékk því miður ekki sömu tækifæri en hélt samt áfram að fljúga og hóf nám í loftsiglingafræði árið 1952 og fékk réttindi sem loftsiglingafræðingur 1956. Hún hóf störf sem flugfreyja hjá Loftleiðum 1952 og varð yfirflugfreyja félagsins árið 1960.

Þrátt fyrir að Erna hafi hvorki verið fastráðin atvinnuflugmaður né loftsiglingafræðingur átti hún þó að baki 217 klukkustundir sem flugmaður, 462 klukkustundir sem loftsiglingafræðingur og sem flugfreyja flaug Erna í fleiri tugi þúsunda klukkustunda. Hún lést þann 14. maí 2021.

> **Þrátt fyrir að hafa ekki verið fastráðin atvinnuflugmaður né loftsiglingafræðingur átti Erna að baki 217 klukkustundir sem flugmaður og 462 klukkustundir sem loftsiglingafræðingur.**

Afkomendur í heiðursflugi

Við athöfnina á fimmtudag verður ein af kennsluvélum skólans nefnd eftir Ernu en Flugakademían hefur áður heiðrað flugfrumkvöðla með sama hætti. Þar á eftir mun Óskar Pétur Sævarsson, forstöðumaður akademíunnar, taka afkomendur Ernu í stutt flug um borð í vélinni.

„Það er svona draumur að það verði ágætisveður, við getum verið úti með vélina og haft fána yfir nafninu, og svo smá kaffi og kökur," segir Óskar Pétur.

Frá því að Erna hóf flugferil sinn hefur jafnrétti innan stéttarinnar batnað til muna og í dag eru kynjahlutföll flugmanna á Íslandi með þeirra bestu í heiminum.

„Það skiptir engu máli í flugi með hverjum þú flýgur. Við erum með staðlaðar vinnureglur og vinnum öll að sama markmiði," útskýrir Óskar Pétur. „Sem flugmönnum skiptir kyn eða litarháttur þess sem við fljúgum með okkur engu máli. Það er bara ekki boðið upp á það í flugi þar sem öryggi og samvinna skiptir langmestu máli." ■

Þetta gerðist 27. Júlí 1903

Fyrsta kvikmyndasýning Reykjavíkur haldin í Iðnó

Árið 1903 komu Norðmaðurinn Rasmus Hallseth og Svíinn David Fernander til Íslands til að sýna kvikmyndir. Listgreinin var á þeim tíma enn kornung og urðu Reykvíkingar því augljóslega spenntir þegar auglýst var að þeir gætu séð „stórkostlegustu, fegurstu og fróðlegustu lifandi myndir sem nokkru sinni hafa verið búnar til" í Iðnó. Myndefnið var meðal annars fengið úr dýragarði London, borgarastríðinu í Suður-Afríku og frá krýningu Játvarðar konungs sjöunda.

Þessi sýning markaði upphaf bíómenningar í höfuðstaðnum en fyrsta kvikmyndahúsið sem starfrækt var í Reykjavík var Reykjavíkur Biograftheater sem sett var upp í Aðalstræti 8, sem síðar var þekkt sem Fjalakötturinn. Það var eina kvikmyndahús Reykjavíkur fram til 1912 þegar Nýja bíó var sett upp í sal Hótel Íslands. ■

Reykvíkingar kynntust fyrst lifandi myndum í Iðnó.

LENGJU DEILDIN

VESTRI

UNGMENNAFELAGIÐ PRÓTTUR

ÍSLENSKUR TOPPFÓTBOLTI

VESTRI - ÞRÓTTUR V.

MIÐVIKUDAG KL. 20.00

Í BEINNI ÚTSENDINGU Á HRINGBRAUT

Hringbraut er heimili Lengjudeildar karla í sumar.
Leikurinn er í opinni dagskrá.

HRINGBRAUT

Lágstemmt LungA

LISTAHÁTÍÐ

LungA
Fram komu: Gugusar, Cyber, Birnir, Skrattar, russian.girls, Bríet, Svala o.fl.
Seyðisfjörður
10. til 17. júlí

Þorvaldur S. Helgason

Það var stemning í árlega karaóki-partíinu. Hátíðin er enn að finna sig eftir skriður og Covid.

MYNDIR/MELKORKA EMBLA OG LÓA FENZY

> LungA hefur gengið í gegnum ýmsar umbreytingar á síðustu árum.

LungA-hátíðin hefur verið haldin á Seyðisfirði síðan 2000, hátíðin byrjaði sem grasrótarframtak ungra Seyðfirðinga en hefur vaxið yfir í alþjóðlega listahátíð er samanstendur af listasmiðjum, gjörningum, ungmennaskiptum, samfélagsverkefnum og svo auðvitað sjálfum hátíðartónleikunum sem kóróna LungA á föstudegi og laugardegi hátíðarvikunnar. Undirritaður hefur mætt á LungA nánast árlega frá 2014 og var nú viðstaddur hátíðina í fyrsta sinn sem blaðamaður. Ógjörningur væri að fjalla um alla dagskrá LungA í einum pistli auk þess sem yðar einlægur gat því miður ekki verið á Seyðisfirði alla vikuna sökum vinnu.

LungA hefur gengið í gegnum ýmsar umbreytingar á síðustu árum. Covid setti auðvitað sitt mark á hátíðina eins og á allar aðrar fjöldasamkomur, LungA var aflýst 2020 en hún var þó ein af fáum hátíðum sem tókst að halda sumarið 2021. Það sem varpaði þó líklega enn stærri skugga á hátíðina eru skriðurnar sem féllu á Seyðisfjörð í desember 2020. Áhrifa þeirra gætir enn í bænum og fyrir LungA höfðu skriðurnar meðal annars þau áhrif að hátíðarsvæðið var flutt frá iðnaðarhöfninni Norðursíld vegna skriðuhættu. Norðursíld var tilkomumikið hátíðarsvæði með rúmt pláss fyrir svið og tónleikagesti og ægifagurt útsýni yfir fjörðinn. LungA er augljóslega enn svolítið að finna sig eftir þann missi en í fyrra var brugðið á það ráð að búa til stórtónleikastemningu í íþróttahúsi bæjarins. Í ár leituðu hátíðarhaldarar aftur til upprunans og héldu tónleikana utandyra í brekkunni fyrir framan barnaskólann og girtu af svæðið fyrir framan samkomuhúsið Herðubreið, miðstöð LungA til margra ára. Þetta virkaði ekki alveg sem skyldi og gerði það að verkum að hátíðarsvæðið, sem oftast hefur einkennst af miklu sjónarspili með sérsmíðuðu sviði og tilkomumiklum skreytingum, var nú aðeins skugginn af sjálfu sér. Í staðinn mætti hátíðargestum ósköp fábrotið hvítt tjald sem hefði sómt sér á hvaða bæjarhátíð úti á landi sem er og skreytingarnar samanstóðu af marglitum tuskum er strengdar höfðu verið á línu yfir hátíðarsvæðið. Aðsókn á hátíðina virtist að sama skapi örlítið minni heldur en í fyrra þótt erfitt sé að fullyrða um slíkt.

Tónleikarnir sjálfir voru þó vel heppnaðir og komu margir góðir listamenn fram með áherslu á ungu kynslóðina í poppi og rokki. Á föstudagskvöldið reið ungstirnið Gugusar á vaðið og þrátt fyrir að tónleikagestir hafi enn verið að tínast inn náði hún að keyra stemninguna í gang með sinni grípandi blöndu af raftónlist og svefnherbergispoppi. Ef Gugusar heldur rétt á spilunum er ljóst að hún hefur alla burði til að verða ein skærasta stjarna íslenskrar popptónlistar. Kvöldið endaði svo með sprengju frá Birni, einum vinsælasta rappara landsins um þessar mundir. Eins og sannri poppstjörnu sæmir var Birnir ekkert að drífa sig á svið en undirritaður sá hann hanga í mannfjöldanum ásamt vinum sínum einungis nokkrum mínútum áður en hann átti að byrja. Áhorfendur þustu að eins og mýflugur er hann steig loks á svið og tók hann vel heppnað sett með ýmsum góðum gestum á borð við Brynjar Barkarson úr ClubDub sem tók lagið ásamt Birni og listamanninn Benedikt Andrason sem rakaði hár rapparans í miðju lagi við góðar undirtektir. Kvöldið kláraðist svo með DJ-settum og raftónleikum á tveimur mismunandi svæðum innandyra, annars vegar í samkomusal Herðubreiðar, þar sem reynt var að skapa eins konar reif-stemningu, og hins vegar í efri sal íþróttahússins, þar sem reynt var að skapa eins konar Berlínar-klúbbastemningu.



Svala var kraftmikil að vanda.

Flutningur Bríetar var einlægur.

Seinna kvöldið á LungA var ekki síðra. Rokkhundarnir Skrattar hófu leika og þótt undirritaður geti ekki fyrir sitt litla líf munað eftir einu einasta lagi þá var spilamennskan engu að síður þétt. Hápunktur kvöldsins var án efa flutningur Bríetar, sem er á hraðri leið með að verða ein flottasta poppsöngkona sem Ísland hefur alið af sér. Hún vafði áhorfendum um fingur sér áreynslulaust og sýndi að það þarf hvorki sjónarspil né sýndarmennsku til að ná upp góðri stemningu, aðeins innlifun og einlægni. Reynsluboltinn Svala lauk svo kvöldinu og þar með hátíðartónleikunum og myndaði gott mótvægi við hina ungu Bríeti. Lagalisti hennar var þó nokkuð sundurlaus og samanstóð bæði af hennar eigin lögum og klassískum diskóslögurum en Svala söng af innlifun með rödd sem er ein sú kraftmesta í bransanum. Að tónleikunum loknum hélt svo fjörið áfram á danssvæðum hátíðarinnar innanhúss. ■

NIÐURSTAÐA: LungA heldur velli þrátt fyrir skriður og samkomutakmarkanir en ljóst er að hátíðin þarf að leggjast í einhverja sjálfsskoðun ef hún ætlar að ná sömu hæðum og áður.

Drottning hljóðfæranna í misflottum fötum

TÓNLIST

Orgelsumar í Hallgrímskirkju
Verk eftir Chernysovu, Franck, Rakhmanínoff og Mozart.
Flytjendur: Alexandra Chernysova og Lenka Mátéóva
Hallgrímskirkja
laugardaginn 23. júlí

Jónas Sen

Nítjándu aldar tónskáldið Cesar Franck fékk það einu sinni óþvegið hjá gagnrýnanda. Í umsögninni stóð að myrkrið í tilteknu verki hefði verið svo algert að það hefði verið hægt að teikna á það hvítar línur með kolamola.

Víst er að tónlist Francks er mjög alvarleg. Í henni er oft það sem kalla mætti kaþólska trúarvímu, líka í veraldlegum verkum. Hið fræga Panis Angelicus er engin undantekning, en þar er textinn eftir kirkjufræðara á þrettándu öld, heilagan Tómas Akvínas.

Andaktug tónlist

Verkið var flutt af Alexöndru Chernyshovu sópran og Lenku Mátéóvu orgelleikara á hádegistónleikum í Hallgrímskirkju á laugardaginn. Heilagur Tómas segist vona í textanum að brauð englanna, sem er Kristur, verði líka að fæðu mannkyns. Í samræmi við þessi orð er mikil andakt í tónlistinni. Vandaður flutningurinn skilaði stemningunni prýðilega til áheyrenda.

Söngurinn var bjartur og einbeittur, víbratóið smekklegt og túlkunin full af tilfinningu. Orgelleikurinn var sömuleiðis skýr og nákvæmur. Mismunandi raddir hljóðfærisins voru í ágætu innra samræmi og heildarhljómur söngraddar og orgels var sannfærandi.

Cantabile (sem þýðir syngjandi), úr Þremur stykkjum (Trois piéces) eftir Franck var einnig á dagskránni. Þar lék Mátéóva ein. Spilamennskan var einstaklega falleg, í senn fáguð og litrík, túlkunin djúp og virðuleg. Ólíkar raddir orgelsins mynduðu áhrifaríkar andstæður sem aftur sköpuðu tilkomumikla heildarmynd, syngjandi fagra.

Of drungalegt

Nokkuð síðri voru Vókalísa Rakhmanínoffs og Vögguvísa eftir Alexöndru. Orgelið hefur verið kallað drottning hljóðfæranna, enda í rauninni heil sinfóníuhljómsveit. Það breytir því ekki að sum tónlist passar því engan veginn. Vögguvísan, sem heyra má á YouTube, er þar leikin á tréblásturshljóðfæri. Afmarkaðir, kroppaðir hörputónar vefjast svo um þokukenndan blásturinn og mynda þannig skemmtileg blæbrigði. Engu slíku var til að dreifa hér. Hljómur orgelsins var of þungur og dökkur til að tónlistin kæmist almennilega á flug.

Þrátt fyrir misáhugaverða dagskrá var flutningur Alexöndru og Lenku góður.

MYND/AÐSEND

Sömu sögu er að segja um Vókalísuna eftir Rakhmanínoff. Undirleikurinn er upphaflega fyrir píanó, og tærir hljómar þess mynda fallegan ramma utan um tilfinningaþrunginn sönginn. Hér voru þyngslin í orgelinu svo mikil að laglínan varð fremur draugaleg – sem passaði henni illa.

Rödd geldingsins

Hið glaðlega Hallelúja úr Exsultate Jubilate eftir Mozart var af allt öðrum toga. Mozart samdi tónsmíðina táningur að aldri á meðan verið var að setja upp óperuna hans, Lucio Silla. Í einu aðalhlutverkinu þar var geldingur, en þeir voru algengir í tónlistarlífinu í den. Það þótti sko ekkert tilkomumál að skera undan drengjum sem voru efnilegir söngvarar, áður en þeir urðu kynþroska með tilheyrandi dýpkun raddarinnar. Geldingurinn í óperunni söng stórkostlega að mati Mozarts, og því samdi hann téða tónlist fyrir hann.

Alexandra stóð sig glæsilega hér og sömu sögu er að segja um organistann. Söngurinn var dillandi, og hraðar trillur orgelsins glitruðu. Óneitanlega var það flottur endir á tónleikunum – sem var síður en svo geldingslegur. ■

NIÐURSTAÐA: Misáhugaverð dagskrá og misáhugaverðar útsetningar, en flutningurinn var góður.

Dagskrá

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Hafnir Íslands (e) Heimildaþættir um hafnir Íslands og samfélög hafnarbyggða, þættirnir eru frá 2017 og voru í umsjón Lindu Blöndal og Friðþjófs Helgasonar.
19.30 Veiðin með Gunnari Bender (e) Gunnar Bender leiðir áhorfendur að árbakkanum, og sýnir þeim allt sem við kemur veiði.
20.00 Lengjudeildin í beinni Bein útsending frá leik Vestra og Þróttar Vogum í Lengjudeildinni.

RÚV Sjónvarp

13.00 Sumarlandabrot
13.05 Útsvar 2012-2013 Hornafjörður - Skagafjörður
14.15 Söngvaskáld Helgi Björns
14.55 Sumarlandinn
15.30 Hvunndagshetjur Hafþór og Helga
16.00 Orðbragð II
16.30 Nýjasta tækni og vísindi
17.00 Græni slátrarinn
17.30 KrakkaRÚV
17.31 Tölukubbar
17.36 Skotti og Fló
17.43 Lundaklettur
17.50 Hæ Sámur
17.57 Lestrarhvutti
18.04 Sjóræningjarnir í næsta hús
18.15 Víkingaprinsessan Guðrún
18.20 Sumarlandabrot
18.30 Fréttayfirlit
18.35 EM stofan
18.50 Þýskaland - Frakkland EM kvenna í fótbolta Bein útsending frá undanúrslitaleik Þýskalands og Frakklands á EM kvenna í fótbolta.
20.50 EM stofan
21.00 Fréttir
21.25 Íþróttir
21.30 Veður
21.40 Vikinglottó
21.45 Versalir
22.40 Hver er Ghislaine Maxwell? Heimildarmynd í þremur þáttum um Ghislaine Maxwell sem í júní var dæmd í 20 ára fangelsi fyrir mansal og fyrir að tæla stúlkur undir lögaldri til fylgilags við barnaníðinginn Jeffrey Epstein.
23.30 Ófærð
00.20 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.00 How We Roll
15.25 Ræktum garðinn
15.40 Black-ish
16.30 Spin City
16.55 The King of Queens
17.15 Everybody Loves Raymond
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 Kenan
19.40 The Neighborhood
20.10 George Clarke's Renovations
21.05 Transplant
21.55 Annika
22.45 Love Island
23.30 The Late Late Show
00.10 FBI
00.55 The Rookie
01.40 Impeachment
02.25 The L Word. Generation Q
03.20 Love Island
04.05 Tónlist

Stöð 2

07.55 Heimsókn
08.20 The Mentalist
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Manifest
10.05 Blokk 925
10.30 Líf dafnar
11.10 Kjötætur óskast
11.45 Matargleði Evu
12.05 Um land allt
12.40 Nágrannar
13.00 Ísskápastríð
13.35 Gulli byggir
14.10 Rax Augnablik
14.20 Þetta reddast
14.35 Lóa Pind. Bara geðveik
15.10 Fósturbörn
15.30 Temptation Island
16.10 Flirty Dancing
17.00 Last Week Tonight
17.25 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.27 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
18.45 Æði
19.05 Backyard Envy
19.50 The Good Doctor
20.30 Coroner
21.15 Unforgettable
22.05 Breastfeeding My Boyfriend Brjóstagjöf fyrir fullorðna er litin hornauga og fæstir vita yfir höfuð að þetta sé eitthvað sem fólk stundar.
22.50 Quiz
23.45 Animal Kingdom
00.30 The Mentalist
01.10 Manifest
01.55 Temptation Island
02.35 Flirty Dancin
03.20 Last Week Tonight

Hafnir Íslands heimsóttar víða um land

Sjónvarpsþáttaröðin Hafnir Íslands er á dagskrá Hringbrautar í kvöld eins og verið hefur síðustu vikur, en þar heimsækir Linda Blöndal nokkur líflegustu bryggjusvæði Íslandsbyggðar og segir sögu þeirra með aðstoð heimamanna sem gjörþekkja tilurð hafnanna og mikilvægi þeirra fyrir uppgang samfélagsins. Þættirnir voru fyrst á dagskrá Hringbrautar fyrir fimm árum ■

Krossgáta



LÁRÉTT
1 hljóðfæri
5 sjálf
6 tveir eins
8 radar
10 íþróttafélag
11 band
12 ló
13 harla
15 tóftir
17 embætti

LÓÐRÉTT
1 sjúkdómur
2 vætlar
3 varpa
4 dulinn
7 svipleysa
9 steypibað
12 varp
14 albúinn
16 kvik

LÁRÉTT. 1 banjó, 5 egó, 6 II, 8 ratsjá, 10 kr, 11 tóg, 12 kusk, 13 afar, 15 rústir, 17 staða.
LÓÐRÉTT. 1 berklar, 2 agar, 3 not, 4 ólíos, 7 lág-kúra, 9 sturta, 12 kast, 14 fús, 16 lá.

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik

Monticelli átti leik gegn Bogoljubov í San Remo árið 1930.

1...Re2+ 2.Hxe2 Hf1+ 3.Kxf1 Dh1+ 4.Kf2 Rg4# 0-1.

www.skak.is: Styttist í Ólympíuskákmótið.

Sudoku

	1			2		5		3
	2		7	3				
		9			5			
		7						
9					3	4	1	
5			1	9		6	8	
	5		9	8	2			
7			6			8		2
		8		5		1		

7	3			5	9			
			1		3			
		5	6					7
		2			6		1	
1		9		2			7	
					1	8		
2	9		8				3	
	6	8					5	
		1	9		4			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fjölbreytt fréttaumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalslið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti til að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is

HRINGBRAUT

BAUHAUS®

Meira en 150 mismunandi verkfæri **sem nota eins rafhlöðu**

One+ línan notar eins rafhlöðu þannig að þú kaupir eina rafhlöðu og eitt hleðslutæki fyrir öll verkfærin þín.

25% AF ÖLLUM

Tilboðin gilda eingöngu frá miðvikudeginum 27. júlí til og með sunnudeginum 31. júlí

MÁNUDAGA–FÖSTUDAGA KL. 8:00–19:00
LAUGARDAGA KL. 10:00–18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00–18:00

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800

BAUHAUS
VIÐ JÖFNUM VERÐIÐ
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BAUHAUS.IS

Nú getur þú hringt og pantað vörurnar sem þig vantar í BAUHAUS
Sími: 515-0800



RAFMAGNSVERKFÆRUM FRÁ RYOBI 25%



Tilboðin gilda eingöngu frá miðvikudeginum 27. júlí til og með sunnudeginum 31. júlí

BAUHAUS

Sérfræðingurinn

Jafnvel Spotify vill vera TikTok

Davíð Lúther Sigurðarson
Sahara

„Ég man þegar maður gat skoðað myndir af vinum sínum á Instagram," skrifaði netverji nokkur á Twitter í gær. Á Instagram gera stuttar klippur líkt og vinsælar eru á TikTok sig stöðugt meira gildandi.

„Þessi stuttu myndbönd eru algjörlega að slá í gegn," segir Davíð Lúther, framkvæmdastjóri Sahara. TikTok-myndböndin hafa slegið í gegn og er alls konar mismikla vitleysu þar að finna.

Davíð bendir á að fleiri miðlar séu komnir með fídusinn, YouTube, Facebook, LinkedIn, sem hafi hætt við, og svo er stutt í að Spotify verði líka með slík stutt myndbönd.

> **Þessi stuttu myndbönd eru algjörlega að slá í gegn.**

„Þeir byrjuðu að prófa þetta 2020 en hafa aldrei opnað á þetta af alvöru fyrir almenning. Tónlistarfólk hefur fengið að prófa að deila svona með fylgjendum sínum en sögusagnirnar eru þær að þetta verði opið fyrir alla notendur, sem geta þá deilt því sem þeir að gera þegar þeir eru að hlusta."

Hann segir TikTok hafa slegið í gegn. „Þá bara fylgdu Mark Zuckerberg og félagar, alveg eins og þeir gerðu með Story-svæðið svokallaða sem sló fyrst í gegn á Snapchat á sínum tíma."

Davíð segist sjálfur hafa prófað fídusinn, á mörgum miðlum. „Ég er bara í þannig starfi að ég prófa alla miðla. Ég er á TikTok, Twitter og prófa þetta allt saman, þó ég endist kannski ekkert alltaf lengi," segir Davíð hlæjandi. „En maður þarf að vita hvernig þetta virkar, svo maður geti veitt viðskiptavinum ráð um hvað virkar og svo framvegis." ■

Helgi Björns í streymi frá Tjörninni, nema hvað ...

> **Tónleikaþyrst fólk þarf sem sagt ekkert að óttast rigninguna.**
>
> Helgi Björns

Helgi Björns segir streymið komið til að vera. Það kemur samt ekki í veg fyrir að veggir Ráðhússins nötri á laugardagskvöldið. Með Helga í hrynsveit verða góðkunningjar sjónvarpsáhorfenda sem glatt hafa frónbúann á tímum heimsfaraldurs og sóttvarnatakmarkana, allar götur frá 21. mars 2020.

ser@frettabladid.is

„Já, streymi er komið til að vera, lagsmaður," segir Helgi og meinar að faraldurinn hafi fært okkur þá blessun. „Það kom eitthvað gott út úr þessu," bætir hann við.

En sumsé, landinn getur keypt sér tónleika með kappanum í beinu streymi frá Tjörninni á laugardagskvöld – og Helgi á von á góðum viðtökum. „Já, fólk fílar þetta í meira lagi," segir söngvarinn og telur líklegt að margir láti sig hverfa inn fyrir skör á laugardagskvöld þar sem kveikt verður á viðtækinu og allt sett í botn, en hann verði náttúrlega í harðri samkeppni við útitónleikana víða um land.

„Tónleikaþyrst fólk þarf sumsé ekkert að óttast rigninguna, þótt hún sé góð, það skellir sér bara inn í tjaldið, húsvagninn eða sumarbústaðinn og opnar fyrir okkur strákana frá Tjörninni, þökk sé streyminu, sem er bara virkilega skemmtilegur valkostur þegar kemur að því að upplifa og njóta tónleika," segir Helgi sem verður að sjálfsögðu með óvænta gesti og er ekki grunlaust um að þar verði að minnsta kosti einhverjar konur á ferðinni.

„Þetta verður svona á pari við góðan Eurovision-fíling," segir Helgi og kveðst alveg upplagður fyrir giggið á laugardagskvöld, enda nýkominn frá sínum heimahögum á Ísafirði þar sem gamlir æskufélagar hittust í gönguferð um Skutulsfjörð, en þeir fari svo gott sem árlega í göngur um töfralandið á kjálkanum vestra.

„Það er bara æðislegt að fara vestur og njóta Seljalandsdalsins í tuttugu stiga hita og sól í góðra vina hópi, bara æðislegt," endurtekur Helgi Björnsson söngvari. ■

Helgi Björnsson, tónlistarmaður og leikari, heldur tónleika við Tjörnina um verslunarmannahelgina.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
KLETTHÁLSI 2 110 REYKJAVÍK

VERSLUNARMANNA-HELGARSPRENGJA

KIA Ceed urban.
Árgerð 2019, bensín, sjálfskiptur 7 gírar.
Verð frá 2.990.000.
Rnr.215442.

KIA Ceed x.
Árgerð 2019,bensín, sjálfskiptur 7 gírar.
Verð frá 2.790.000.
Rnr.215473.

TOYOTA Rav4 gx.
Árgerð 2019, bensín, sjálfskiptur.
Verð frá 3.990.000.
Rnr.371512.

SUBARU Forester premium.
Árgerð 2019, bensín, sjálfskiptur.
Verð frá 3.790.000.
Rnr.215535.

KIA Sportage urban.
Árgerð 2019, dísel, sjálfskiptur 7 gírar.
Verð frá 3.490.000.
Rnr.371416.

Allir bílar í ábyrgð | Ævintýraleg sala | Yfir 35 ára reynsla

KLÁR FYRIR VERSLUNARMANNAHELGINA ?

ÚRVAL AF FLOTTUM LITUM FYRIR DÖMUR OG HERRA

REYKJAVIK RAINCOATS
LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177

REYKJAVIK
RAINCOATS

Lykilspurningin

Eru nýju Hopp-hjólin betri en þau gömlu?

Næsta kynslóð hjóla með betri jafnvægispunkt

Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir *framkvæmdastjóri Hopp*

„Já, að vissu leyti. Þau eru næsta kynslóð, eru breiðari með betri jafnvægispunkt og þau eru mikið uppfærð hönnunarlega séð af okkur og okkar verkstæði.

Það er stórt umhverfismál og því gríðarlega mikilvægt fyrir okkur. Svo er líka bara svo gaman að gleðja notendur okkur með því að bjóða ávallt upp á það nýjasta á markaðnum í dag þegar kemur að örflæðissamgöngum.“ ■



SUMARÚTSALA
BETRA BAKS

ALLT AÐ 60%
AFSLÁTTUR

EXCLUSIVE TOPPER
Gæsadúnn. 90 x 200 cm.
Verð: 30.900 kr.
Nú 12.360 kr.

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

Betra BAK

Það eru fáir sem hafa sama túrbókraft og Tinna Sigurðardóttir, sem á og rekur Arctic Rafting við Hvítá og fagnar stóraf-mæli í dag. MYND/AÐSEND

Túrbó-Tinna fagnar afmælinu með reifi og rafti

Tinna Sigurðardóttir, betur þekkt sem Tinna Túrbó, eigandi flúðasiglingafyrirtækisins Arctic Rafting, er fertug í dag. Hún hyggst halda upp á afmælið með reifi og kajakkeppni.

odduraevar@frettabladid.is

Tinna Sigurðardóttir, sem betur er þekkt sem Tinna Túrbó, svo öflug er hún, keypti ferðaþjónustufyrirtækið Arctic Rafting við Drumboddsstaði við Hvítá í lok ársins 2020. Hún er fertug í dag og hyggst halda upp á afmælið með reifpartíi.

„Ég hef líklega ekki farið í almennilegt frí í að verða tvö ár, þannig ég tók mér tveggja daga frí,“ segir Tinna hlæjandi, spurð hvað hún hyggist gera í tilefni dagsins. Afmælishátíðin þarf þó að bíða fram í ágúst.

„Þetta er hræðilegur tími til að eiga afmæli. Það er að koma verslunarmannahelgi, ótrúlega mikið í gangi og allir úti um allt, í útlöndum eða bústað og náttúrlega brjálað að gera hjá okkur. Þannig ég ákvað að halda upp á þetta 13. ágúst,“ útskýrir Tinna.

Hún mun blása til árlegrar kajakkeppni í Tungufljóti þann dag, sem kennt er við Tinnu og nefnist „Túrbókajakreis“ en Tinna hélt það í fyrsta sinn í fyrra. „Við buðum öllum upp á pylsu og vorum með plötusnúð við ána og við endurtökum þetta í ár og ég býð í partí á Drumbó,“ segir Tinna og á þar við Drumboddsstaði.

Íslendingar í Gvatemala

Tinna hefur alltaf verið mikil ævintýrakona og byrjaði að vinna í ferðabransanum árið 2004. „Ég kláraði Kvennó og ákvað að fara í bakpokaferðalag um Mið-Ameríku og fór að læra köfun þar. Svo hitti ég bara fyrir slysni þrjá Íslendinga úti á götu í Gvatemala sem voru í kajakferð og einn þeirra segir mér frá því að hann vinni sem flúðaleiðsögumaður á Íslandi,“ segir Tinna.

Tinna lifir og hrærist í veröld vatnasportsins. MYND/AÐSEND

> Þetta er hræðilegur tími til að eiga afmæli.

Síðan hefur Tinna meðal annars unnið sem leiðsögumaður við köfun, við flúðasiglingar og nælt sér í viðskiptafræðigráðu í Ástralíu og eytt sumrunum sínum á kajak, ýmist í Nepal eða á Ganges á í Rishikesh í norðurhluta Indlands. Tinna segist óviss um hve oft hún hafi farið þangað en fyrst fór hún þangað árið 2017.

„Ég vann sem flúðaleiðsögumaður í Noregi en fór alltaf aftur til Indlands því ég var svo hrifin,“ útskýrir Tinna. Hálft ár hafi því farið í flúðir í Noregi og rest í Indland. „Þar til ég varð atvinnulaus leiðsögumaður í kófinu og fór þá aðeins að spá í það hvað ég ætti að gera.“

Indland heillar

„Þau bönkuðu upp á sumarið 1985 og báðu um að fá að þurrka sokkana en hafa ekki farið síðan,“ sagði Anna Svavarsdóttir, ein Drumba-systra í blaðaviðtali um Vilborgu Hannesdóttur og Björn Gíslason sem fyrst allra lögðu út til flúðasiglinga frá Drumboddsstöðum.

Tinna ætlar ekkert að fara heldur. „Þetta hentar mér ótrúlega vel. Flúðasiglingarnar ganga á sumrin og svo á veturna get ég einbeitt mér að því að byggja fyrirtækið upp og skotist til Indlands og Nepal,“ segir Tinna, sem lofar veislu þann 13. ágúst.

„Ég ætlaði reyndar bara að bjóða í privatpartí fyrir vini og vandamenn og kajakáhugafólk,“ segir Tinna hlæjandi, aðspurð hvort lesendum sé ekki örugglega boðið. „En ég ætla að kalla þetta „Reif í sokkinn“ eins og plöturnar hétu allar á djammtímabilinu mínu á tíunda áratugnum.“ ■

ÞJÓÐHÁTÍÐARUPPHITUN

FIMMTUDAGUR 28. JÚLÍ





BÆJARBÍÓ

LOKAKVÖLD HJARTA HAFNAR-FJARÐAR



pjóðhátíðarstemning!

SVÆÐIÐ OPNAR KL 17

kl 19:30 Magnús Kjartan Eyjólfsson með brekkusöng í brekkunni fyrir aftan A Hansen

kl 20:30 Upphitunar húkkari og lokaball til kl 23:00
Hreimur, Eyþór Ingi og Davíð Sigurgeirsson ásamt hljómsveit
slá botninn í upphitun fyrir þjóðhátíð í Hjarta Hafnarfjarðar

Þökkum fyrir frábært sumar í Hjarta Hafnarfjarðar.
Hlökkum til að sjá ykkur 2023

FRÍTT INN

20 ÁRA ALDURSTAKMARK

tix · HAFNARFJÖRÐUR · prime UMBOÐSSKRIFSTOFA · TUBORG

Birgjum okkur upp fyrir versló

Bónus virðir frídag verslunarmanna

lokað í öllum verslunum





BÓNUS

Verð gildir til og með 31. júlí eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

KJARNAFÆÐI

2.998 kr./kg



Frosið lambaprime

3.998 kr./kg

Frosið lambafillet

498 kr./kg

Frosin lambasvið

1.698 kr./kg

Kjarnafæði heiðalæri
kryddað lambalæri

2.398 kr./kg

Ali kjúklingabringur í marineringu
3 tegundir - verð áður 2.798 kr./kg

1.898 kr./kg

Bónus grill grísahnakkasneiðar
úrbeinaðar

1.898 kr./kg

Bónus grill grísakódelettur
úrbeinaðar

12 stk.

98 kr./stk.

Fanta lemon
330 ml

798 kr./pk.

Kók og kók zero
6x500 ml

998 kr./pk.

Toppur
500 ml
Tvær tegundir

Trefjaríkt heilhveitibrauð

298 kr./pk.

Bónus kornbrauð
1 kg

1 kg

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

Rafhjólatrygging TM er hugsuð fyrir þig
Hugsum í framtíð
TM

Bakþankar

Önnu Sigrúnar Baldursdóttur

Lygi

Vissulega má oft satt kyrrt liggja en það er ljótt að ljúga. Það kann sjaldnast góðri lukku að stýra, en lífið er nú ekki einfalt.

Í vikunni varð virðulegur embættismaður uppvís að því að fullyrða um að tiltekinn hópur stundaði lygar sér til framdráttar, raunar lífs. Fullyrt var að fólk hefði logið sér til griða, enda umhverfi hælisleitenda á Íslandi furðulega harðneskjulegt og raunar bara asnalegt, ef maður splæsir hálfri hugsun í málið. Nú getur maður í sjálfu sér ekki sagt að embættismaðurinn hafi logið til um lygarnar en í öllu falli voru ummæli hans óboðleg og ósæmandi.

Það er engin ástæða til að þakka manninum ósómann, en þó má segja að ummælin dragi athyglina að þeirri afturför sem virðist vera að verða í réttindabaráttu hinsegin fólks. Ég hef áhyggjur af samfélaginu okkar, sérstaklega þeim okkar sem ekki lifum veruleika þeirra sem eru hinsegin og klöppum okkur sjálfum á bakið fyrir að kaupa regnbogafána einu sinni á ári í Gleðigöngunni. Við erum dálítið sjálfumglöð í meintu umburðarlyndi, finnst við jafnvel dálítið hafa skilað okkar inn í baráttuna og að björninn sé unninn. Nú geti þessi hinsegin bara viðhaldið árangrinum sem náðst hefur.

En þannig er þetta ekki. Það skiptir ekki máli hvort hópurinn er hinsegin, hafi ekki hvítan húðlit sé fatlaður eða allt í senn – baráttunni lýkur aldrei og við öll verðum að taka þátt til að viðhalda opnu, fjölbreyttu og skemmtilegu samfélagi þar sem við öll getum notið okkar. Þannig að já, mætum í Gleðigönguna, kaupum fánann, en umfram allt – berjumst. ■

UMHVERFISMERKI
pappír
umhverfið
prentun
LITRÓF
UMHVERFISVÆN PRENTUN
Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is